

Framherjinn  
sem fór í markið



Vikingur  
og Mozart

Menning ▶ 28

Íþróttir ▶ 30



ÁVÖXTUR  
VIKUNNAR

18.-24. NÓVEMBER

Ananas

Ferskur

30%  
AFSLÁTTUR

265 KR/KG

ÁDUR: 378 KR/KG

nettó

# FRÉTTABLADID

227. TÖLUBLAD 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2021



Vinna við nýbyggingu Alþingis gengur vel, eins og sjá má frá þessu sjónarhorni á Tjarnargötu. Stefnt er að verklokum í apríl 2023. Tugir starfsmanna vinna reglulega á staðnum við byggingu hússins. Vinnan við húsið fer fram á fleiri stöðum en í miðbænum, en unnið er að steinklæðningunni í steinsmiðjum í Hafnarfirði og Kópavogi.

FRÉTTABLADID/ERNIR

## Ekki skólanna að segja til um sóttkví

Prófessor í lögfræði segir enga lagaheimild fyrir því að skólastjórnendur sendi nemendur í sóttkví. Dómsmálaráðherra segir umhugsunarevert að Ísland gangi lengra en nágrennabjóðir.

mjh@frettabladid.is  
arib@frettabladid.is

„Þetta birtist þannig þegar maður er foreldri að maður fær tölvupóst. Það er aðstoðarskólastjóri sem skrifar undir ákvörðunina um að setja í sóttkví. Í sóttvナルögum kemur ekkert fram um hlutverk skólastjórnenda eða skóla í þeim efnunum. Ég held það hafi bara gleymst að það er verið að skerða borgaraleg réttindi,” segir Bjarni.

Dæmi eru um að börnum í smitgát sé meinað að mæta í skólan og eigi að skila skjáskoti með neikvæðum niðurstöðum úr prófi. Ísland er með harðari reglur en nágrennabjóðirnar þegar kemur að sóttkví barna.

Í Noregi fara börn ekki í sóttkví,



Bjarni Már  
Magnússon prófessor í lögfræði  
við Háskólan í Reykjavík.

þau sem hafa átt í samskiptum við smitaðan einstakling er ráðlagt að taka heimapróf. Sömu reglur gilda í Danmörku, nema að þeim er ráðlagt að taka PCR-próf. Svipað er uppi á teningnum í Svíþjóð og í Bretlandi.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra sagði um ummæli Bjarna Máss í gær: „Auðvitað

er það umhugsunarefni að við séum að ganga lengra en önnur lönd þegar kemur að sóttkví barna. Við þurfum almennt í öllu er varðar börn og takmarkanir á lífi þeirra, að gæta að því að við séum að vernda þau en ekki einhvern annan. Það þarf að hafa það í huga þegar við ræðum mannréttindi barna að þau séu aldrei skert nema til að vernda þeirra eigin heilsu,” segir Áslaug Arna.

„bað þarf að vega og meta hversu mikil hætta þeim stafar af Covid og hversu mikil áhrif þetta hefur á líf þeirra almennt þegar kemur að skólagöngu, gediheilsu og fleira. Ekki síst þegar lengra líður á faraldurinn.” SJÁ SÍÐU 4

Skólar eru áfram  
með aðgreiningu

lovisa@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Börn sem skólakerfið hefur ekki getu til að mæta hafa verið skilin frá samnemendum sínum og í alvarlegustu tilfellunum lokað inni, þrátt fyrir að hér á landi sé unnið eftir stefnunni „Skóli án aðgreiningar.“ Aðskilnaður getur í raun haft áhrif á allt þeirra líf.

Svanhildur Svavarasdóttir, talmeina-, einhverfu- og boðskiptafræðingur, segir að öll hunsun sé niðurlæging og skömm og að börn eigi ekki að þurfa að vinna sig upp í það að fullorðnir séu góðir við þau. SJÁ SÍÐU 8

Mmm ...  
Gerðu þitt eigið  
jólahlaðborð!

Nánar á  
kronan.is/  
jolahladbord

KRÓNAN

## Borgarstjóri með bók um borgina

ser@frettabladid.is

**MENNING** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri haslar sér völl á bókamarkaðinum fyrir jölin með bókinni Nýja Reykjavík – umbreytingar í ungi borg, sem hann hefur verið með í smíðum undanfarin misseri.



Dagur B.  
Eggertsson,  
borgarstjóri og  
rithöfundur

Í bókinni fjallar Dagur um þau umskipti sem hann hefur séð á borgarlífinu á undanförnum áratugum og munu verða á komandi árum. Samhlíða því að fjalla um þróun nýju Reykjavíkur rekur hann atburðarásina í borgarpólitíkinni, sem var vægast sagt litrík og er frásögnin mjög persónuleg í þeim köflum, að sögn Dags, sem verður í ítarlegu helgarviðtali í Fréttablaðinu á laugardag.

Hann segir jafnframt að í bókinni verði hulunni svipt af ýmsu sem gerðist á bak við tjöldin sem og metnaðarfullum áformum sem ligga í loftinu, en eru á fárra vitordi. ■

## Jólaljósin tendruð á Selfossi í dag



Ljósmyndari Fréttablaðsins gat ekki annað en smellt af þegar hann ók fram hjá heimili þeirra Sólveigar Óskar Hallgrímsdóttur og Gísla Þórs Guðmundssonar á Selfossi. Um er að ræða margverðlaunað jólahús í bænum. Sólveig Ósk segir að hún sé yfirleitt búin að jólaskreyta húsið um miðjan nóvember. Á hádegi í dag munu svo allir Selfyssingar tendra jólaljósin.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Mygla í Hagaskóla og kennsla felld niður

helenaros@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Kennsla áttundu bekkingsa í Hagaskóla var felld niður í dag eftir að mygla greindist í mür þar sem stofur þeirra eru staðsettar.

Í tilkynningu sem send var til foreldrá í gær, segir að búið sé að virkja alla ferla og vinna við undirbúning framkvæmda hefjist strax í dag.

Greint var frá því árið 2019 að nokkur fjöldi starfsmanna og nemenda skólans hafi sýnt einkenni sem bentu til þess að húsnæðið væri heilsuspílland. Þá höfðu engin sýni verið tekin í tengslum við myglu.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hafa nú þegar farið fram miklar framkvæmdir á



Nokkur sýni hafa verið tekin úr byggingu Hagaskóla undanfarið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

húsnæði skólans. Ekki sé ljóst hvort málin tengist.

Farið hafi verið í rannsókn á innivist skólans eftir að starfsmenn skólans kvörtuðu undan einkennum. Sýni hafi verið tekin á nokkrum stöðum eftir fund með kennurum í lok október, enn eigi eftir að greina hluta þeirra. ■

## Afturför til seinna stríðs ef við bætum okkur ekki

Yfirlæknir á sóttvarnasviði landlæknis segir skynsamlega notkun sýklalyfja lykilatriði til að stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Í dag er Evrópuðagur vitundarvakningar um sýklalyf.

birnadrofn@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Í dag er Evrópuðagur vitundarvakningar um sýklalyf en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur ásamt öðrum alþjóðlegum stofnum lyst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta heilbrigðisógn sem steðji að mannkyrinu í dag.

„Sýklalyf voru tímamótauppgötvun og ef við verðum ónæm fyrir þeim erum við komin aftur til baka fyrir síðari heimsstyrjöldina þar sem fólk dó úr sýkingum af sári eða lungnabólgu,“ Anna Margrét Halldórsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði embættis landlæknis.

Anna segir skynsamlega notkun sýklalyfja lykilatriði til að stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Árlega látt um 33 þúsund manns í Evrópu vegna sýkinga af völdum bakteria sem eru ónæmar fyrir sýklalyfum.

„Því er mikilvægt að læknar notkun sýklalyf með markvissum hætti, en sýnt hefur verið að bæði heildarnotkun sýklalyfja og hvernig þau eru notuð hefur áhrif á sýklalyfjaónæmi,“ segir Anna Margrét.

Sýklalyfjaávísunum fækkaði um 16 prósent á milli áranna 2019 og 2020 á Íslandi. Á síðasta ári var heildarfjöldi ávísana slikra lyfja á hverja þúsund íbúa að meðaltali 505. Á tímabilinu 2015-2019 var meðalfjöldi ávísana 670 á hverja þúsund íbúa árlega.

Anna segir þennan árangur megi þakka átaki sem hafi verið gert í fræðslu til lækna og heilbrigðis-



Mikilvægt er að læknar noti sýklalyf markvisst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Anna Margrét Halldórsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði embættis landlæknis

Þá segir hún mikilvægt að nota svokölluð fallbyssusýklalyf i lágmarki. „Það eru sterkt sýklalyf sem virka á nánast allt og þau þarf að spara og nota við alvarlegri sýkingum,“ segir Anna. „Ef þú notar sýklalyf á rangan hátt þá ertu að auðvelda bakteríunum sem eru ónæmar að vaxa og taka yfir.“

Hún segir útbreiðslu sýklalyfjaónæmis minni hér á landi en víðs vegar í heiminum, nauðsynlegt sé þó að sofnar ekki á verðinum. „Almenningur getur til dæmis hjálpað með því að klára sýklalyfjaskammtinn sem honum er ávísaður, ekki geyma afganginn uppi í skáp og nota síðar og ekki henda afgöngum í ruslið heldur láta farga í apóteki svo lyfin fari ekki út í umhverfið,“ segir Anna.

„Bakteríur eru býsna sniðugar og hafa sínar leiðir til að lifa af og þær dreifa ónæmisupplýsingum á milli sín þannig að ef við erum ekki á verði þá getur þetta orðið enn þá verra,“ segir Anna. ■



JOE BOXER®  
Náttföt, nærföt og heimaföt.  
1. hæð Kringlu - joeboxer.is



blómaval HÚSASMIÐJAN

# JÓLIN FYRIR ÞIG



Vefverslun  
husa.is

Tilboðin gilda  
til miðnættis

Opið til  
21:00

Skútvogur  
Selfoss

# HÚSASMIÐJU DAGURINN

## 25% afsláttur

Allar seríur og jólaskraut • Allar vörur í Blómavali • Allt á aðventukransinn • Dúkar og servíettur

Jólapappír og borðar • Kerti og kertastjakar • LADY málning • Handverkfæri

GROHE og Damixa blöndunartæki eldhús og bað • Öll rafmagnsverkfæri (DeWalt, Hikoki, B+D, Worx, Makita og fleiri)

Verkfærakassar • Philips perur og ljós (Gildir ekki af HUE) • Salerni og handlaugar

Eldhúsvaskar • Parket • Flísar • Hillurekkar Avasco • Áltröppur og stigar • Loftverkfæri Tjep

Pottar og pönnur • Glös og matarstell • Bökunarvörur • Gjafavörur • Gæludýrvörur

Hreinsiefni • Pottaplöntur ... Kláraðu jólin og jölagjafirnar hjá okkur

# Óljóst hversu mikið fer í sérstakan fjármögnunarsjóð

arib@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Til stendur að ljúka vinnu við að útfæra samning um þjónustutengd fjármögnum Landspítala, svokallað DRG-kerfi, í byrjun desember. Óljóst er hversu mikið fjármagn fer í sérstakan DRG-sjóð sem gera á fjárveitingar til spítalans sveigjanlegrí, samhlíða föstum fjárveitingum. Samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands og Landspítala frá því í september verður kerfið tekið í gagnið um áramót.

## Þing kemur aftur saman á þriðjudag

arib@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Alþingi kemur saman á þriðjudag í næstu viku. Þá verður kosið í kjörbréfanefnd. Samkvæmt upplýsingum frá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra er stefnt að því að gera hlé eftir afgreiðslu kjörbréfa til að kynna nýja ríkisstjórn.

Frumvarp til fjárlaga verður svo lagt fram öðru hvoru megin við mánaðamót.

63 þingmenn hafa fengið kjörbréf samkvæmt seinni talningu í Norðvesturkjördæmi og mæta í þingsetningu. ■

## Pakkar Baldri fyrir samstarfið

arib@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Baldur Borgþórsson, varaborgarfulltrúi Miðflokkssins, hefur sagt sig úr floknum. Hann hyggst sitja áfram fram að kosningum.

Í yfirlýsingu segir Baldur að hann hafi í störfum sínum í borgarstjórn ítrekað orðið viðin að starfsháttum og framkomu undir merkjum flokksins sem hann geti ekki sætt sig við.



Vigdís Haukdóttir, oddviti Miðflokkssins

Vigdís Hauksdóttir, oddviti, kveðst ekki vita hvað Baldur eigi við. „Ég þakka honum fyrir samstarfið og óska honum góðs gengis,“ segir hún. ■

Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála Landspítala, segir að unnið sé að því að klára tæknilegar útfærslur. „Það er ekki gert ráð fyrir að spítalinn verði að fullu fjármagnadum með framleiðslutengdri fjármögnum, heldur er starfseminni skipt í fjóra flokka eftir eðli starfseminnar. Stærsti flokkurinn sem inniber vel riflega helming af starfsemi spítalans fellur undir DRG-fjármögnum. Við erum núna að yfirfara og finnista skiptinguna þarna á milli,“ segir hann.

DRG-kerfið gengur út á að umreikna þjónustu við sjúklinga í DRG-einingar. Þannig er meðferð eða aðgerð metin á ákveðið margar DRG-einingar, sem verða grundvöllur að fjármögnum. Sjóður í vörslu Sjúkratrygginga á svo að mæta kostnaðinum ef framleiddar DRG-einingar fara fram úr áætlun.

„Það getur hjálpað okkur með fjármagn ef það verður meira álag á spítalann en ráðgert hafði verið. Það kemur síðan í ljós þegar frumvarp til fjárlaga birtist hversu stórr DRG-



Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala.

sjóðurinn verður, en hann verður óliklega blyting í rekstri spítalans,“ segir Ólafur Darri.

„Það eru klárlega bæði tækifær og ógagnar í samningi sem þessum. ■

Ef okkur tekst að framleiða fleiri DRG-einingar en gert er ráð fyrir í samningnum þá fáum við viðbótarfjárveitingar, en ef við náum ekki af einhverjum ástæðum að framleiða jafn margar DRG-einingar og stefnt var að, þá getur komið til þess að fjárveitingar til spítalans lækki. Því má segja að DRG-kerfið aukí bæði gagnsaei þjónustunnar og virki líka sem hvati sem tengir betur saman starfsemi spítalans og fjárveitingar en eldra kerfi með föstum fjárveitingum gerði. ■

# Covid-tengd verkefni sliga skólana

Skólastjórnendum hefur verið falið það hlutverk að senda börn í sóttkví og smitgát, en slíkt rúmast ekki innan starfsskyldna þeirra. Lagaprófessor segir enga heimild fyrir þessu valdaframsali í sóttvarnalögum.

mhj@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Í lok sumars var ákveðið að skólastjórnendur myndu aðstoða við smitrakningu og fleiri Covid-tengd verkefni þegar smit kæmu upp í skólanum. Nú þegar fjölmög smit eru að greinast meðal barna á grunnskólaaldri eru skólastjórnendur viða að sligast undan álagi vegna Covid-tengdra verkefna, sem rúmast ekki innan starfsskyldna þeirra.

Skólastjórnendum hefur meðal annars verið fengið það hlutverk að skila nemendalistum til rakningarteymisins ásamt því að ákveða hvaða börn eigi að fara í sóttkví og smitgát.

Samkvæmt Bjarna Má Magnúsyni, prófessor í lögfræði við Háskólanum í Reykjavík, er engin heimild í sóttvarnalögum til að fára ákvörðunarvald um smitgát og sóttkví yfir á skólastjórnendur. Þá sé oft verið að senda heildstæða nemendalista á smitrakningarteymi, fremur en að athuga hvort börn séu líkleg til að vera útsett fyrir smiti og eru dæmi um að börn hafi fengið tilkynningu um að fara í sóttkví þegar þau eru þegar í sóttkví.

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla og formaður Kennarasbands Íslands, segir að það verði að endurskoða fyrirkomulagið. „Að mínu viti er algjörlega ljóst mál að þarna er verið að velta verkefnum yfir á skólastjórnendur sem samræmist ekki þeirra starfsskyldum,“



Um 500 börn eru í einangrun samkvæmt Covid töluum gærdagsins.

FRÉTTABLAÐID/  
ERNIR

“

Í þeim skólamálum sem hafa lent verst í þessu, Seljaskóla, Fellaskóla og Langholtskóla, er fólk bara komið niður á hnén.



Magnús Þór Jónsson, formaður Kennarasbands Íslands

segir Magnús. „Skólastjórnendur hafa verið tilbúnir að taka á sig alls konar verkefni tengd Covid, en þetta verkefni núna er orðið svo gigantískt stórt og er farið að taka svo mikla orku og athygli frá þeirra lögbundnu og hefðbundnu störfum, að það verður að bregðast við.“

Hann tekur Seljaskóla sem dæmi en þar eru 670 nemendur. Skólinn hefur þurft að bregðast við smiti 13 sinnum frá því að skólastarf hófst í haust. Í hvert skipti séu hrинг tugir til hundraða símtala til foreldra og nemenda.

„Svo þarf að finna út úr rakningu og vinna alls konar verkefni sem því miður eru alls ekki á forræði sérfraðinga í skólamálum,“ segir Magnús og bætir við að verkefnið séu mörg og viðtæk.

„Skólastjórar sitja uppi með það að taka stjórnvaldsákvæðanir utan skólans sem foreldrar eru jafnvæl ósáttir við. Ég veit um ótal dæmi

um það að foreldrar eru ekki sammála mati skólastjóra á smitrakningu og það er auðvitað eitthvað sem er ótækt í rauninni, varðandi samskipti heimilis og skóla,“ segir hann og bendir einnig á að álagið aukist þegar stórr hluti starfsfólks er í sóttkví líka. „Í þeim skólamálum sem hafa lent verst í þessu, Seljaskóla, Fellaskóla og Langholtskóla, er fólk bara komið niður á hnén.“

„Það virðist vera þannig að skólayfirvöldum hefur verið falið þetta hlutverk, að gefa upp nemendalista til smitrakningarteymisins,“ segir Bjarni Már, en foreldrar fá tölvupóst þar sem aðstoðarskólastjóri eða skólastjóri skrifa undir ákvörðunina um að setja barn í sóttkví.

„Í sóttvarnalögum kemur ekkert fram um hlutverk skólastjórnenda eða skóla í þessum efnum. Ég held það hafi bara gleymst að það er verið að skerða borgaraleg réttindi,“ segir Bjarni. ■



## 100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK Hönnun

FIAT 500e ER FYRSTI FALLEGI  
RAFMAGNSSMÁBÍLLINN.

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

TÍMALAUS ÍTÖLSK HöNNUN  
MEÐ ALLT AÐ 460 KM DRÆGNI.





# Þaðventukvöld Garðheima

- ★ ★ ★ -

Fimmtudaginn 18. nóvember  
frá 17:00 - 19:00



Njótið þess að undirbúa  
aðventuna með okkur

NOTALEG STUND MEÐ SÝNIKENNSLU Í GERÐ AÐVENTU  
OG HURÐAKRANSA, GÓMSÆTU SMAKKI,  
GÓÐUM RÁÐUM OG FALLEGUM HUGMYNDUM.

**20%**  
AFSLÁTTUR

KERTI  
BATTERÍSKERTI  
BATTERÍSSERÍUR


SKREYTINGAREFNI  
SILKIBLÓM  
AÐVENTULJÓS



TILBOÐIN GILLA FRÁ 18. - 21. NÓVEMBER

spíran.

Aðventutilboð á Spírunni frá kl 17-20  
3ja rétta matseðill á 3.490kr



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • [gardheimar.is](http://gardheimar.is)

# Heilsugæslan hefur greiningar í febrúar

birnadrofn@frettabladid.is



Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu (HH) hefur tryggt sér húsnæði þar sem fram munu fara ADHD-greiningar fullorðinna. Í september greindi Fréttablaðið frá því að slíkar greiningar færðust frá ADHD-teymi Landspítalans til heilsugæslunnar.

Óskar Reykdalsson, forstjóri HH, segist reikna með að ADHD-greiningar fullorðinna hefjist hjá heilsugæslunni í febrúar. Auglýst hafi verið eftir starfsfólk og þegar sé byrjað að ráða inn. „Einhver ráðningarviðtöl fara fram í þessari viku og við munum síðan áfram vinna að málínunum en þegar er búið að ganga frá einhverjum,“ segir Óskar.

Með því að færa ADHD-greiningar fullorðinna til heilsugæslunnar er meðal annars stefnt að því að styttu biðtíma og biðlista eftir greiningum. Í september síðastliðnum var biðtími eftir þjónustu ADHD-teymisins allt að þrjú og hálftrár og rúmlega 650 manns voru á biðlista eftir þjónustunni. ■



Rittenhouse dregur út númer á kviðómendum í dómsal. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Myndbandsupptaka lykilsönnunargagn

helenaros@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Verjendur hins átján ára Kyle Rittenhouse, sem myrti tvo einstaklinga og særði þann þriðja í óeirðum í Kenosha í Wisconsin síðasta sumar, saka sakóknara um að hafa ekki lagt fram myndbandsupptökum sem þeir segja lykilsönnunargagn í málinu. Upp-takan liggi til grundvallar kröfum peirra um að málinu verði vísað frá.

Rittenhouse hefur viðurkennt gjörðir sínar en ber fyrir sig sjálfsvörn. Réttarhöldin hafa staðið yfir í tvær vikur og á Rittenhouse yfir höfði sér lifstiðardóm.

Akkaran er í fimm liðum: morð af ásetningi, morð af gáleysi, morðtilraun af ásetningi, að ógna almannaoryggi og ólöglega skot-vopnaeign sökum aldurs.

Verjendur Rittenhouse hafa óskað eftir því hann verði sýknadur um öllum ákæruliðum og leitast eftir því að koma í veg fyrir að hægt verði að óska eftir endurupptöku málssins. Þeir hafa sakað saksóknara um að hafa sýnt mynd-skeið í mun verri upplausn en þeir hefðu í höndunum, til að reyna að sýna fram að fyrsta skot Rittenhouse hafi ekki verið sjálfsvörn líkt og hann heldur fram.

Verjendur Rittenhouse segja myndbandsupptökuna miðpunkt málssins og telja að saksóknari sé að reyna að skaða hann með því að sýna myndbandið í lélegum gæðum.

Krafá um frávisun málssins hefur ekki verið tekin formlega fyrir í dómsþórum en verður að öllum líkendum tekin fyrir um miðja viku. ■



Umsóknin var send inn í janúar árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Menntamálaráðuneytið haldi skólanum í gíslingu

Kvikmyndaskólinn hefur boðið í næstum tvö ár eftir afgreiðslu um viðurkenningu sem háskóli. Lögmaður skólans furðar sig á gerð gæðahandbókar sem eigi ekki að hafa áhrif á ferlið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Næstum tvö ár eru síðan Kvikmyndaskóli Íslands sótti um að fá viðurkenningu sem háskóli, en menntamálaráðuneytið hefur verið tregt til svara. Unnið er að gerð svokallaðrar gæðahandbókar innan ráðuneytisins, sem forsvarmenn skólans segja að geti ekki haft nein áhrif á umsóknina.

Umsóknin hefur legið á bordi ráðuneytisins í 22 mánuði en lítill svör borist um afgreiðsluna, annað en um gæðahandbókina. Jón segir bréfum ekki svarað langtínum saman þrátt fyrir ítrekanir.

Samkvæmt lögum um háskóla á ráðherra að skipta þrjá óháða sérfræðinga í nefnd til þess að veita umsögn um viðurkenningu. Er meðal annars litið til stjórnskipunar, hæfis starfsfólks, aðstöðu, kennslufyrirkomulags og rannsókna.

Kvikmyndaskólinn hefur lagt til við ráðuneytið að hollenska úttektarfyrirtækið EQ Arts sjá um

“

Það er eins og kraftar séu að verki sem gæta annarlegra hagsmuna. Embættismenn í ráðuneytinu virðast stjórna þessu og ekki að sjá að ráðherrann hafi neina stjórn á þeim.“

Lilja Dögg Alfreðsdóttir ráðherra hefur ákveðið að Listaháskóli Íslands verði með kvíkmyndanám á háskólastigi. Vaknar þá sú spurning hvort það sé að trufla umsókn Kvíkmyndaskólangs.

Jón Steinar segir að ákvörðun ráðherra um Listaháskólan eigi ekki að skipta neinu máli hvað umsókn Kvíkmyndaskólangs varðar. Með viðurkenningunni felist ekki að ríkið ábyrgist fjármögnun skólans.

Frílið eigi ekki að vera pólitisk ákvörðun, heldur einfalt stjórn-sýslumál, sambærilegt við að sækja um ökuskírteini. Sú gæðahandbók sem sé í smíðum eigi ekki stoð í lögum og sé því tilbúningur í ráðuneytinu. Skólinn uppþylli skilyrðin og ráðherra eigi að skipta þriggja manna óháða sérfræðinganeft til að meta hann.

„Það er ekki í boði að ráðuneytið setji skilyrði eftir á sem ekki eru í samræmi við lögini,“ segir Jón Steinar.

Svör við fyrirspurnum Fréttablaðaðsins bárust ekki frá menntamálaráðuneyti fyrir prentun þessa blaðs. ■




Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Kvíkmyndaskóla Íslands

matið, en það fyrirtæki hefur viðtæka reynslu af listaakademíum í Evrópu. Hefur tillöggunni ekki verið svarað.

„Það er mikill munur fyrir þá sem sækja skólan að fá háskólagræðu, upp á störf og framtíð i faginu. Því er það mjög þýðingarmikið fyrir skólan að fá þessa viðurkenningu,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður skólans. „Ég hef aldrei kynnt svona framkomu í stjórn-

## Snjallar og gáskafullar sögur

Hér skrifar Ísak Harðarson af djúphygli og hlýju um leitina að sannleikanum og hamingjunni.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-17 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



# TI L B O +

## ÁNOTUÐUM BÍLUM

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**Nissan Juke Acenta Plus 4wd**

Nýskr. 04/19, ekinn 56 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.190.000 kr.

**TILBOD:**  
**2.790.000 kr.** **33.852 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**TOYOTA Prius Active PHEV**

Nýskr. 10/19, ekinn 33 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.990.000 kr.

**TILBOD:**  
**3.590.000 kr.** **43.453 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **300.000 kr.**



**BMW X1 Xdrive18d**

Nýskr. 04/18, ekinn 94 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.490.000 kr.

**TILBOD:**  
**4.190.000 kr.** **50.654 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**RENAULT Captur E-Tech PHEV Intens+**

Nýskr. 06/21, ekinn 19 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 4.390.000 kr.

**TILBOD:**  
**3.990.000 kr.** **48.254 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **500.000 kr.**



**SUBARU Outback LUX Harman Kardon**

Nýskr. 10/19, ekinn 105 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 5.390.000 kr.

**TILBOD:**  
**4.890.000 kr.** **59.055 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**BMW i3 120ah**

Nýskr. 12/19, ekinn 10 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.  
Verð 4.590.000 kr.

**TILBOD:**  
**4.190.000 kr.** **50.654 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **500.000 kr.**



**BMW 225xe iPerformance Exclusive Line**

Nýskr. 04/18, ekinn 77 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.890.000 kr.

**TILBOD:**  
**3.390.000 kr.** **41.053 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**DACIA Duster Comfort 2wd**

Nýskr. 10/18, ekinn 62 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.290.000 kr.

**TILBOD:**  
**2.890.000 kr.** **35.052 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**Nissan Leaf N-Connecta 40kwh.**

Nýskr. 10/20, ekinn 3 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.  
Verð 4.390.000 kr.

**TILBOD:**  
**3.990.000 kr.** **48.254 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **300.000 kr.**



**RENAULT Kadjar Intens 2wd**

Nýskr. 05/17, ekinn 55 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.190.000 kr.

**TILBOD:**  
**2.890.000 kr.** **35.052 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **300.000 kr.**



**HYUNDAI Kona EV Premium 64kwh**

Nýskr. 04/19, ekinn 45 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.  
Verð 4.690.000 kr.

**TILBOD:**  
**4.390.000 kr.** **56.655 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

AFSLÁTTUR: **400.000 kr.**



**RENAULT Clio Zen Sport Tourer**

Nýskr. 03/17, ekinn 65 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.090.000 kr.

**TILBOD:**  
**1.690.000 kr.** **20.650 kr.**  
á mán. m.v. 20% útborgun.

Við erum í spjallfæri  
á [www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika**  
í bílaviðskiptum. Bílarnir okkar  
eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland - Kletthási 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bílaland**  
[www.facebook.com/bilaland.is](http://www.facebook.com/bilaland.is)



Bæta þarf þekkingu og bregðast við úrræðaleysi í skólakerfinu, að sögn sérfræðinga, og tryggja réttindi barna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Skóli án aðgreiningar hefur aldrei orðið að raunveruleika

Lovisa Arnardóttir  
lovisaa@frettabladid.is

Á Íslandi er unnið eftir stefnunni „Skóli án aðgreiningar“ en sum börn, sem skólakerfið hefur ekki getu til að mæta, hafa samt sem áður verið skilin frá samnemendum sínum og í alvarlegustu tilfellum jafnvel lokað inni.

**SKÓLAMÁL** Fréttablaðið hefur, frá því að umfjöllun um þessi mál hófst, heyrt í fjölda foreldra sem er úrræðalaus og hefur annað hvort tekið börnin úr skólum, eða að skólinn hefur neitað að taka við börnunum aftur. Þá standa þeim oft engin önnur úrræði til boða eða þeirra biða langir biðlistar. Sum málum hafa orðið svo slæm að þau eru komin á bord löggreglunar.

Umboðsmaður Alþingis, Skúli Magnússon, rannsakar aðstæður barna sem eru skilin frá samnemendum sínum og vistun þeirra í sérstökum rýmum, og lauk fyrsta hluta rannsóknarinnar í byrjun vikunnar, en rannsókninni er þó langt í frá lokið.

Skúli segir að til þess að svipta fólk, og þar með talið börn, frelsi, þurfi að meginreglu lagheimild og rannsókn hans í þessu málí hafi það sem útgangspunkt. Skúli segir að skoðun embættis umboðsmanns sé afmörkuð við frelsissviptingu, afleiðingar innlokunar á börn og hvernig verklagi, skráningu og upplýsingagjöf sé háttat í þessum málum.

Hann segir að ekki fari á milli málá að öll börn eigi rétt á skólavist og námi í samræmi við sínar þarfir, en að þessi tiltekna rannsókn umboðsmanns snúi eingöngu að mögulegri frelsissviptingu nemenda, en ekki hugsanlegri skerðingu á rétti barna til náms, sem getur fylgt þessum málum.

Sérfræðingar í málefnum barna eru sammála um að afleiðingar slíks aðskilnaðar og jafnvælinn lokunar,

“

Við vitum að það hefur jafnvælinn endað svo illa að þau hafa tekið sitt eigið líf.

Puríður Harpa Sigurðardóttir

“

Skóli án aðgreiningar er mjög mikilvæg stefna en hún hefur einhvern veginn aldrei orðið að raunveruleika.

Salvör Nordal

geti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir börn um alla þeirra ævi.

Umboðsmaður barna, Salvör Nordal, hefur kallað eftir því að fleiri og fjölbreyttari úrræði standi börnum og foreldrum til boða. Hún segir að þratt fyrir að hér á landi sé unnið eftir stefnu skóla án aðgreiningar, hafi sú stefna aldrei orðið að raunveruleika. Hún segir mjög brýnt að svo verði.

Puríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, tekur undir það, en segir að það sé ekkert nýtt að föltuð börn eða börn með einhvers konar raskanir eða sérþarfir séu skilin frá samnemendum sínum. Puríður segir ótækt að svo miklar tafir séu á því að réttindi allra barna séu uppfyllt á Íslandi.

„Það er ótækt að börn komi út úr grunnskóla með mörkbrotna sjálfsmánum og sjái enga framtíð fyrir sér. Við þurfum að koma þessu í almennilegan farveg, því það er ekki hægt að skella skuldinni á þau þegar þau koma óvinnufært út úr grunnskóla og segja að það sé eitt-hvað að þeim, þegar kerfið hefur brugðist þeim löngu fyrir það,“ segir Puríður Harpa.

Síkur aðskilnaður getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir börn

### Kallað eftir fjölbreyttari úrræðum



Salvör segir að embættið hafi í gegnum tíðina átt í samskiptum við stjórnvöld um börn sem ekki eru í skóla, af ólíkum ástaðum, en telur mikilvægt að greitt verði úr því að til séu fjölbreytt úrræði fyrir öll börn.

„Það eru dæmi um að foreldrar hafi tekið börn úr skóla eða að skólinn hafi ekki treyst sér til að taka á móti þeim og þá hefur sveitarfélög ekki haft neitt annað úrræði,“ segir Salvör og að það verði að bregðast við þessu.

„Skóli án aðgreiningar er mjög mikilvæg stefna en hún hefur einhvern veginn aldrei orðið að raunveruleika,“ segir Salvör, og að það sé mjög brýnt að stefnan sé raunverulega innleidd og að það sé frekari stuðningur við þessi börn inni í skólunum.

### Aðskilnaður sumra barna ekki nýr



„Þetta er eitthvert úrræða- og þekkingarleysi. Sumir skólar standa sig auðvitað vel, en aðrir alls ekki.“

Puríður segir að þessi mál komi inn á þeirra borð því að oft sé um að ræða föltuð börn eða börn með einhvers konar raskanir. Hún segir að augljóslega hafi orðið hreyfing á þessum málum og fagnar rannsókn umboðsmanns Alþingis í þessu málí.

Hún segir það mikil vonbrigði að það séu svo miklar tafir á því að réttindi barna séu uppfyllt. „Við vitum hver lausnir er, hvað þarf og hver réttindi barna eru. Skólar og sveitarfélög burfa að laga þetta svo að börnunum okkar liði vel í skólanum og komi betur út úr þeim en þau hafa gert. Við vitum að það hefur jafnvælinn endað svo illa að þau hafa tekið sitt eigið líf.“

### Verður að vera til lagaheimild



Skúli segir að þegar börn eru lokað inni eða farið sé með þau inn í eitthvert sérstakt herbergi, verði að líta til þess hvort það sé verið að grípa inn í aðstæður og vernda líf og heilsu nemandans sjálfss. eða að tryggja að það verði ekki skemmdir á eignum eða munum.

„Ef við erum hins vegar komin umfram þetta og það er verið að beita frelsissviptingu eða innlokun í öðrum tilgangi og í lengri tíma, þá hlýtur sú spurning að vakna hvar heimildirnar séu til þess.“

### Áföll í barnæsku afdrifarík allt lífið



Svanhildur telur að stærsta vandamálið sé að það sé ekki hlustað. Ekki á börnini og ekki á foreldrana.

„Best er að spryja og hlusta á börnini, af hverju þau eru að haga sér á einn eða annan máta. Það hef ég eftir kennungum Ross Greene, en hann segir í sinum rannsóknum að barnið sjálf sé þáttakandi í vandamálinu og að það þurfi að skoða hlið þess eins og aðrar hliðar.

Það er svo oft einhliða horft á lausnina frá kennaranum og gleymist að spryja nemandann. Það er það sem er svo sárt. Að við erum að gera eitthvað sem þarf ekki að vera svona flókið,“ segir Svanhildur.

Hún telur að atferlisfræðingar hafi fengið of mikið pláss í menntakerfinu, að það sé verið að beita umbun og refsingu þar sem það hreinlega gagnast ekki. Svanhildur segir að það verði að passa samtalið á milli skóla og heimilis og að það sé gott. Það megi ekki enda þannig að skóli kenni heimili um og öfugt.

„Foreldrar eru sérfræðingar barna sinna og það verður að spryja þá hvernig er hægt að styðja við þau.“

2021  
2022

# SVARTA RÖÐIN

**Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleiks-hlutverki. Þrennir hljómsveitartónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings.**

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22.

Víkingur mun flytja þrjá glæsilega píanókonserta með hljómsveitinni eftir nokkra af fremstu höfundum samtímans – Thomas Adès, John Adams og Daníel Bjarnason – undir stjórn tónskáldanna sjálfa. Öll verkin hljóma á Íslandi í fyrsta sinn.

Samstarf þetta er einstakt á heimsvisu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara. Fáðu þér sæti á [sinfonia.is](#) eða [harpa.is](#).

---

FIM 18|11 KL. 19:30

**VÍKINGUR  
OG ADÈS**

---

FÖS 19|11 & LAU 20|11  
& SUN 21|11 KL. 20:00

**VÍKINGUR SPILAR  
MOZART**

---

MÍÐ 02|03 KL. 20:00

**VÍKINGUR  
OG DANÍEL**

---

FIM 05|05 KL. 19:30

**VÍKINGUR OG  
JOHN ADAMS**



Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**

## Viðsnuningur hjá Sóley Organics

helgivifill@frettabladid.is

Snyrtivöruframleiðandinn Sóley Organics hagnaðist um 100 milljónir króna árið 2020 samanborið við 1,5 milljónir króna árið áður. Arðsemi eiginfjár var 223 prósent á árinu 2020. Eigið féjókst úr 2,4 milljónum króna árið 2019 í 88 milljónir króna árið 2020. Eiginfjárhlfallid

var 59 prósent í árslok. Tekjur jukust úr 112 milljónum árið 2019 í 253 milljónir árið 2020 eða um 126 prósent. Athygli vekur að kostnaðarverð seldra vara lækkaði úr 47 milljónum króna árið 2019 í 27 milljónir króna árið 2020.

Sóley Elíasdóttir framkvæmdastjóri og Hilmar Jónsson eiga hvort um sig 36 prósenta hlut í félaginu. ■

## Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

### SÍK – Samband íslenskra kvíkmyndaframleiðenda

auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins. Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga allir sjálfstæðir kvíkmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvíkmyndaverk sem sýnd hafa verið í sjónvarpi á árinu 2020.

Umsóknir berist fyrir 15. desember 2021 til:

SÍK – Samband íslenskra kvíkmyndaframleiðenda  
c/o Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
eða með tölvupósti á [sik@producers.is](mailto:sik@producers.is)

Aðrar umsóknarleiðir teljast ekki gildar.

Nánari upplýsingar, úthlutnarreglur og eyðublað eru á vefsíðu

**SÍK – [www.producers.is](http://www.producers.is)**



Samband íslenskra kvíkmyndaframleiðenda  
Association of Icelandic Film Producers



## FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF  
— síðan 1987 —

Kynntu þér árangur og úrvall IV sjóða á [WWW.IV.IS](http://WWW.IV.IS)

## Gildi – lífeyrissjóður

### Rafrænn sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur

25. nóvember klukkan 17:00

#### Dagskrá:

- Staða og starfsemi Gildis á árinu 2021
- Hækkandi lífaldur, hvernig bregðast lífeyrissjóðirnir við?

Vegna samkomutakmarkana verður fundurinn að fullu rafrænn. Honum verður streymt á íslensku og ensku en nánari upplýsingar má finna á [www.gildi.is](http://www.gildi.is). Sjóðfélagar eru hvattir til að taka þátt í fundinum og kynna sér stöðu og rekstur sjóðsins.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs



Lífeyrissjóður

[www.gildi.is](http://www.gildi.is)



Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær um 0,5 prósenta stýrivaxtaþékkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Við erum nú að lenda í lægra vaxtastigi en áður

Forstöðumaður hjá Arctica Finance segir að það vaxta-hækkanarferli sem við erum í núna, leiði til þess að við lendum í lægra jafnvægis-vaxtastigi en hefur áður verið á Íslandi. Aðalhagfræðingur Íslandsbanka segir að áhrif af stýrivaxtaþékkunum gætu komið hratt fram.

magdalena@frettabladid.is

Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar hjá Arctica Finance, segir að vaxtahækkan Seðlabankans í gærmorgun hafi ekki komið sér á óvart.

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær um 0,5 prósenta stýrivaxtaþékkun og standa þeir nú í 2 prósentum. Stýrivextir voru lægstir í nóvember 2020, í 0,75 prósentum.

„Vaxtahækkinin sjálf kemur ekki á óvart því eins og nú, þegar verðbólga er verulega yfir markmiði, samhlíða auknum hagvexti og umsvifum í hagkerfinu, þá getur Seðlabankinn ekki verið með vextina í sögulegu lágmáarki mikil lengur og er í ferli að færa þá upp í jafnvægisvaxtastig. Vaxtahækkanarferlið hefur verið ljóst frá því í byrjun sumars og kemur ekki á

„Við munum ekki sætta okkur við það að vera kennt um hans hagstjórnarmistök“

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir seðlabankastjóra hafa brugðist í því hlutverki sínu að viðhalda verðstöðugleika, að verkalýðshreyfingin muni ekki sitja þegjandi og hljóðalaust hjá og muni sækja hverja einstu krónu.

„Við í verkalýðshreyfingunni munum ekki sætta okkur við það að vera kennt um hans hagstjórnarmistök,“ segir Ragnar og bættir við að hann sé við um að fólk Íslendingar sé ósammála því að hægt sé að kenna launa-hækkenum um stöðuna.

„Sérstaklega þegar það eru tölur sem vísa í allt annað en seðlabankastjóri er að halda fram. Við vitum að ástæðan fyrir þessari stöðu er húsnaðismarkaðurinn. Hann er ástæðan fyrir þessari stöðu er húsnaðismarkaðurinn. Hann er ástæðan fyrir því að Seðlabankinn nær ekki að halda sér á verðbólgu-markmiði. Síðan má líka benda á að fyrirtækjum hefur sjaldan gengið betur.“

Hann bættir við að stýrivaxta-

hækkan Seðlabankans í gær hafi verið mikil vonbrigði.

„Þetta er í sjálfu sér mikil áhyggjuefn. Við erum að horfa fram á miklar verðlags-hækkanir út af ytri aðstæðum, miklar hrávruverðs- og olíu-verðshækkanir. Aðgerðaleysi stjórnvalda í þessum efnunum er líka ámælisvert. Aðgerðaleysi þeirra í að bregðast við þessum hækkenum til dæmis með því að lækka virðisaukaskatt á nauðsynjavörur og oliugjald.“

Áðspurður hvort verkalýðshreyfingin muni ekki taka með í reikninginn að vextir séu enn sögulega lágar, segir Ragnar að allir þættir verði skoðaðir í komandi kjaravíðræðum.

„Auðvitað tökum við allt með inn í reikninginn þegar við fórum inn í næstu kjaravíðræður, en við munum ekki sitja hjá meðan seðlabankastjóri skellir skuldinni á verkalýðshreyfinguna og launafólk fyrir að hafa klúðrað málunum sjálfur.“



Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar hjá Arctica Finance

óvart,“ segir hann og bættir við að frekari hækkanir séu í kortunum.

„Það er kannski stóra fréttin í þessu vaxtahækkanarferli sem við erum í núna, að við erum að lenda í jafnvægisvaxtastigi sem er mun lægra en jafnvægisvaxtastig á Íslandi hefur verið áður. Eins undarlegt og það kann að hljóma, að þó við séum í vaxtahækkanarferli þá er hagkerfið að fara í gegnum vaxtalækkun á sama tíma.“

Í gærmorgun voru Peningamál gefin út, en í þeim kom fram að bjartari hagvaxtarhorfur séu nær í tíma en áður var talið og verðbólga hærrí og þrálátari.

„Bjartari hagvaxtarhorfur helgast af tvennu. Annars vegar af kröftugri einkaneyslu og góðum vexti í utanrikisviðskiptum, það er að svo virðist sem ferðamennirnir séu að skila sér hratt til baka og góðar horfur í sjávarútvegi eru fram undan.“

Áhrif hækkanar stýrivaxta og annara stýritækja Seðlabankans á íbúðamarkaðinn, gætu komið hratt inn að sögn Jóns Bjarka Bentssonar, aðalhagfræðings Íslandsbanka. Þetta sagði hann í sjónvarpsviðtali í Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

„Áhrifin verða auðvitað margþætt fyrir íbúðamarkaðinn og það verður forvitnilegt að fylgjast með áhrifum þessarar hækkanar og þá sérstaklega í samspili við þessi þjóðhagsvarúðartæki, þar sem var sett þak á greiðslubyrði á lánum sem hlutfall af ráðstófunartekjum og einnig hámarksþálfanum. Það verður áhugavert að fylgjast með hvernig þetta allt mun spila saman,“ segir Jón Bjarki og bættir við að þessar aðgerðir hafi enn sem komið er ekki haft nein teljandi áhrif á íbúðamarkaðinn.

„Þetta hefur ekki haft nein áhrif enn, en það gæti gerst að áhrifin muni koma frekar hratt inn. Síðan má ekki gleyma þessum venjulegu leiðum peningastefnunnar, en hún stýður við gengið og leiðir til meiri sparnaðar og minni áherslu á fjárfestingar og neyslu í nútíð. Síðan getur hún haft áhrif á fjárfestingar-ákvárdanir fyrirtækja og gert folk varara um sig og sín fjárlitlan í nánustu framtíði.“ ■



HÚSASMIÐJAN

# JÓLIN FYRIR ÞIG

## Gefðu enox. útivist og heilsu í jólagjöf

Umhverfisvænt - 250W  
25 km hraði - Drægni 70 km



Mest seldu rafhjólin  
í Húsasmiðjunni, á ótrúlegu verði

# 169.900 kr


3903103, 3903104

Rafmagnshjól ENOX EBX34 - EBX37

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með.

Fást í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

**enox.**  
enjoy life  
þÝSKT GÆÐAMERKI



Skammt frá Mýrdalsjökli eru móbergsmyndanir sem eru mikið augnayndi og minna á skúptúra á frægustu lista söfnum.

MYNDIR/TG

## Höggmyndir við rætur hvíts risa



Tómas  
Guðbjartsson  
hjartaskurð-  
læknir og náttúru-  
unnandi




Ólafur Már  
Björnsson  
augnlæknir og  
ljósmyndari

Skammt frá móbergs-skúptúrunum á Höfðabrekku-afrétti er eitt af tólf Mælifellum á Íslandi, en það er auðvelt upp göngu og útsýnið efst frábært.



Ofan þakgilis eru snarbrött og iðjagræn gil sem gleðja bæði menn og ferfætlinga.




Við rætur Mýrdalsjöklus, fjórða stærsta jöklus landsins, er víða að finna einstakar náttúruperlur, en í iðrum hans er einnig eldfjallið Katla sem ekki hefur rumskáð í 103 ár. Þórsmörk, Skógaoss og Sólheimajökull eru frægustu perlurnar, en iðjagrænt þakgil suðvestan jöklusins er ekki síður tilkomumikið. Það liggur neðan Höfðabrekkujöklus og kallast svæðið Höfðabrekkuafréttur. Sundurskorin snarbrött gil eru einkennandi og í þeim leynast víða lækir og fallegir fossar. Þarna er auðvelt að villast og því mikilvægt að halda sig við gönguleiðir.


Það er auðvelt að komast að Höfðabrekkuafrétti, sem er mörgum Íslendingum framandi. Frá þjóðveginum skammt frá Vík liggur 15 km langur vegur inn Kerlingardal að þakgil og er hann fær flestum bílum. Í þakgil er ágætis aðstaða og má gista í tjaldi eða smáhýsum. Þarna má leggja í hálfsdags göngu sem er flestum fær upp Höfðabrekkuafrétt, en er þó tölувart á fótinn í byrjun. Fylgt er gönguslóða upp sneiðinga inn á smalaveg sem liggur vestur að jökulröndinni. Einnig er hægt að hefja gönguna rétt áður en komið er í þakgil, við svokallaðar Miðtungur. Er þá fylgt sama smalavegi og áður var nefndur vestur afréttin. Smám saman blasir við stórkostlegt útsýni yfir þakgil og nálæg gil, sem einna helst minna á gróið völundarhús. Einnig sést vel að Hafursey og yfir á Mýrdalssand en sunnar glittir í Hjörleifshöfða og suðurströndina. Í vesturátt blasir síðan við keilulaga og 656 metra hátt Mælifell, sem kennt er við Höfðabrekkuafrétt. Stuttu áður en komið er að því blasa við stórkostlegar móbergsmyndanir sem vatn og vindar hafa sorfið til og minna á náttúrlega skúptúra, ekki ólíka þeim sem sjá má á listasöfnum. Ýmsum kynjamendum bregður fyrir og gaman er að spóka sig á milli þeirra með tignarlegt Mælifellið í baksýn. Hægt er að ganga upp á Mælifellið að norðanverðu, en af tindinum er feiknagott útsýni yfir afréttinn, alveg inn að jöklinum. Skammt frá Mælifelli er fallegur foss í felum sem kallast Skerjatungufoss. Hægt er að ganga sömu leið heim, en þeir sem hafa hug á lengri göngu geta haldið áfram í norðvestur upp á Rjúpnagilsbrúnir, þar sem sjá má Höfðabrekkujökul og einhverja hæstu en nafnlaus fossa landsins steypast ofan í jökulklæddan Huldudal. Handan hans eru síðan Huldufjöll og enn fjær Hulinsdalur og Kötlujökull, sem vonandi kælir Kötlu niður um ókomna tíð. ■

# Góð bók er gulls ígildi

Allskonar nýjar og áhugaverðar bækur fyrir alla



Gengið til rjúpna  
**7.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.




Úr heljargreipum  
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.




Þú sérð mig ekki  
**5.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Tilfinningar eru fyrir aumingja  
**5.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 K




Einlægur Önd  
**5.299 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR




Rætur  
**5.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Þung ský  
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.



Fjallamenn  
**9.499 kr.** VERÐ ÁÐUR 12.999 KR.



Skaði  
**4.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 6.999 KR.

Vöruval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 22. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabréngi.

# Farðu út fyrir ystu mörk hugans.

100% rafknúinn Kia EV6  
frumsýndur 18.-20. nóvember.



Movement that inspires

Ferðalögin sem breyta okkur mest eru þau sem fara með okkur út fyrir þægindarammann. Með allt að 528 km\*\* drægi fer Kia EV6 með þig í ferðalag langt út fyrir ystu mörk ímyndunaraflsins.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6.  
Sérstök miðnæturopnun í dag á milli 8-24 í sýningarsal okkar að Krókhálsi 13.  
Við tökum vel á móti þér.



\*\* Ákturstroðaröðvar með í samræmi við stöðulæðið ESB (WLTP) og miðas í 77.4 kWh rafgeymsstæðu, aðurhöldar f 19" álfelgur (mynd af ókúteki sýnir þar á 20° felgum). Ákturstroður og aðrir þættir, eins og hræði, úthringstug, lansðag og nokkrum rafkrunum teknar með tilganga hafa áhrif á árunverulegt ákturstroði og geta dregið úr því.

\*Forsendur ábyrgðar eru reglugt þróunustuðvillir sem kaupandi ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á [www.kia.com/byrgd](http://www.kia.com/byrgd).



Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.  
Nánar á [askja.is/hledslulausnir](http://askja.is/hledslulausnir)

# Gatarinn



Sigmundur Eirir  
Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

**E**inn vina minna þurfti að kaupa sér nýjan gatara á dögum, en sá gamli hafði gefið sig eftir áralanga þjónustu á kontónum.

Og ekki hélt hann að góð ráð væru dýr í þessum efnum, heldur snaraði sér út í næstu bókabúð og spurði afgreiðslumanninn hvort hann lumaði ekki á venjulegum gatara. Og það stóð ekki á svari, en umrædda græju af Leitz-gerð væri að finna í skrifstofudeildinni, en hana væri að finna á hæðinni fyrir neðan.

Og þar leyndust einmitt nokkrir gatarar af Leitz-gerðinni, pakkaðir inn í veglegan kassa – og án þess að líta á verðmiðann hélt okkar maður með einn þeirra að afgreiðslukassanum, umhugsunarlaust.

Og það var þar sem hann var vakinn af sjálfstýringu hversdagsins, hann þyrfti að reiða fram tæpar túu þúsund krónur fyrir tækið – og þótt hann hváði, var ekki að sjá að búðarmaðurinn haggaðist um tommu í skrefinu, verðið væri 9.949 krónur fyrir stykkid, en hann fengi þó fimm prósenta afslátt sakir vildarvinakjara.

Niðurstaðan var því ljós: Venjulegur gatari á Íslandi kostar 9.452 krónur, með afslætti.

Umræddur viðskiptavinur gekk harla þungur til höfuðsins út úr búðinni, með nýja gatarann í poka, en af því að hann hafði um árabil dvalist í Frakklandi, sakir vinnu sinnar, fór hann að umreikna íslenska verðið yfir í evrur.

Og gat þetta verið, hugsaði hann, litlu léttari til höfuðsins, að gatari á Íslandi kostaði sem næmi 66 evrum? Það væru bæði ósköp og ósvífni, því varla gatari af almennasta tagi talist til flóknustu og þróuðustu tækiundra samtímans, að okkar maður hélt.

Hann leitaði upp gataraverð í Frakklandi um leið og hann snaraðist inn á skrifstofuna sína og það tók tölvuna hans ekki langan tíma að finna verð á sama tækinu í bókabúðinni ytra, en það reyndist vera áttá evrur.

Segir ekki meira af okkar manni að öðru leyti en því að hann skammast sín og hefur verið með böggum hildar frá því hann festi kaup á þessum gatara, eða öllu heldur, fjárfesti í honum, áttfalt hærra verði en í Frans.

Íslendingar hafa löngum látið okra á sér. Og það er vegna þess að þeir hafa ekki samanburðinn í huganum. Þeir umreikna kaup sín ekki í evrur.

En láta sig hafa það. Árum og áratugum saman. ■

Íslendingar hafa löngum látið okra á sér. Og það er vegna þess að þeir hafa ekki samanburðinn í huganum.

## Sjónmælingar eru okkar fag



Tímapantanir á opticalstudio.is  
og í síma 511 5800

Optical Studio  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

## Halldór

ANNAÐ HVORT ER ÞETTA MARTRÖÐ  
EÐA ÞAÐ AD ÍSLENSKA ÞJÓÐIN TAPADI  
MÁLINU FÝRIR AFRÝJUNAR-  
NEFND HUGVERKASTOFU  
EVROPUSAMBANDSINS(EUPO)



## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

### Valdalæk

Það er ekkert minna drama í efstu lögum réttarkerfisins en í góðum Dawson's Creek, þrátt fyrir að undirtónarnir séu öllu alvarlegri. Bæði Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar, og Karl Axelsson dómarí, settu stórt læk á afsökunarbeidiðni Helga Jóhannessonar lögmanns. Afsökunarbeidiðin verður að teljast betri en flestar, það breytir því þó ekki að málid er hnottskurnin af jakkalakka sem hagar sér illa gagnvart konum og á valdamikla vini. Benedikt segir að hann hafi kunnað að meta einlægnina. Það er voða sætt en ekki jafn sætt fyrir þolendur sem fá aldrei neitt læk þegar þær stíga fram í einlægni.

### Hoffið á Akureyri

Dagur íslenskrar tungu kom og fór án þess að neinn ræddi stöðuna af neinni alvöru. Ekkert um hvort kenna eigi útlendingum íslensku eða hvort allir drengir verði orðnir ólæsir áður en við náum kolefnishlutleysi. Eina sem stendur eftir er hvort landsmenn eigi að lúta skipunum að ofan og breyta notkun okkar á greini í heitum á húsum. Perlan verður Perla og Harpan verður Harpa. Það mun taka smá tíma að venjast Hallgrímkirkinu og Hoffinu á Akureyri. ■

## Barnabækur, já takk



Skúli Helgason  
borgarfulltrúi  
Samfylkingar-  
innar

Ný menningarstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn sl. þriðjudag með áherslu að gera líf borgarbúa innihaldsríkara, skemmtilegra og fjölbreyttara og treysta enn frekar umgjörð blómlegs lista- og menningarlifs í borginni. Menning er að gera hlutina vel, sagði Þorsteinn Gylfason heimspekingur, og það er göfugt leiðarljós hvort sem viðfangsefnið er að semja skáldsögu eða ljóð, setja upp leikrit, dansverk eða flytja tónlist. Barnamenning er sérstakt metnaðarmál og Barnamenningarhátið er ein af helstu skrautfjöldum í hatti menningarborgarinnar á hverju ári.

Barnabókamessa er haldin í samstarfi borgarinnar, Félags íslenskra bókáutgefenda og Bókmennaborgarinnar, sem sameinast um að veikja athygli á nýutgefnum barna- og unglingsbókum og skapa bókasöfnum leikskóla og grunnskóla tækifæri til að bjóða upp á spánýja titla til að örva bóklestur barna í skólam. Fyrst var blásið til Barnabókamessunnar árið 2017 og er hún haldin í fimmtda sinn í dag og á morgun í Hörpu, einu helsta höfuðvígí menningarinnar í borginni. Það er sérstaklega ánægjilegt að bókasöfn í öðrum sveitarfélögum, þar á meðal á landsbyggðinni, hafa nýtt sér viðburðinn til að kynna sér rjómann af nýjum barna og unglingsbókum og efla sín bókasöfn í þágu nemenda.

Borgin hefur veitt viðbótarfjármagni til skólabókasöfna sinna til að bæta bókakost þeirra af þessu tilefni og það er sérstaklega gleðilegt að útlánatölur fram að Covid-faraldrinum sýndu að samstarfið hafði til ætluð áhrif með fjölgun útlána um rúmlega helming í grunnskólum að meðaltali og í einstökum skólum hafa útlán rúmlega tvöfaldast frá fyrstu Barnabókamessunni. Útlánatölur hafa lækkað aftur í faraldrinum, en það skýrist af verulegri röskun á starfsemi safnanna vegna sóttvarnaðgerða.

Bókin stendur í harðri samkeppni við nýja samfélags- og myndmiðla um athygli barna og við þurfum öll að standa saman um að hvetja börn til bóklesturs.

Barnabókamessan opnar í Hörpu í dag og hvet ég alla stjórnendur og forvarsmeðan skólabókasöfna í leik- og grunnskólum borgarinnar til að nýta sér bennan ánægjilega viðburð. ■

# Ný forysta – ný umræða

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn  
Pálsson

frávik getur verið flökt, en líka upphaf að meiri varanlegum breytingum.

Þessi gömlu samtöl við bændur um lögðmál Markarfljóts komu upp í hugann síðasta laugardag þegar ég las sameiginlega grein Árna Sigurjónssonar formanns Samtaka iðnaðarins og Friðriks Jónssonar formanns BHM í Morgunblaðinu.

Grein þeirra ber yfirskriftina: „Sókn nýsköpunar og hugverkaiðnaðar – þar getum við verið sammála.“ Hún virkar í fyrstu eins og klisja úr kosningabaráttunni. En það er tvennt í greininni, sem bendir til þess að hún gæti verið eitthvað meira en klisja eða flökt í straumfalli dægurumræðu, jafnvel vísis að öðru meira.

Ég minnist samtala á bökkum Markarfljóts við bændur í Landeyjum og undan Eyjafjöllum. Þeir pekktu þessa miklu krafta náttúrunnar, sem brutu niður gróið land og eyðilögðu landnyttjar.

### Flökt eða vísis að öðru meira?

Allir vildu draga úr sveiflum straumsins. Bændurnir vildu stöðugleika. Þeir sem bjuggu austan megin gátu að vísu verið rólegir meðan fljótið djöflaðist vestan megin. En þeir vissu að eftir einhverja áratugi myndi straumurinn sveiflast yfir á bakkann þeirra megin. Þess vegna höfðu allir sömu sýn.

Oftast er erfitt að greina fyrstu vísa að slíkum breytingum. Lítið

### Greining vandans

Fyrra atriðið er sameiginleg sýn þeirra á eðli efnahagsvandans. Þeir byrja greinina á að skilgreina kjarna hans á mjög einfaldan og skýran hátt:

- „Á þessari öld hefur íslenska hagkerfið sveiflast þrisvar sinnum meira en Evrópulöndin að meðaltali.
- Ísland hefur auk þess gengið í gegnum mun dýpri og langvinnari efnahagslægðir á síðustu 12 árum, en þau lönd sem við berum okkur helst saman við.
- Nú, á árinu 2021, benda nýjustu spár greiningaraðila til þess að Island nái framleiðslustigi fyrir



heimsfaraldur um ári á eftir helstu viðskiptalöndum.“

Okkar hagkerfi sveiflast margfalt meira en önnur, sem við jöfnum okkur til. Kreppurnar verða dýpri. Og við erum lengur en aðrar þjóðir að ná okkur á strik. Erum við sátt við þetta?

### Pögnin rofin

Annað er að báðir eru höfundar nýir forystumenn á vinnumarkaði. Þeir virðast báðir skilja að grundvallarbreytinga er þörf og eru líklegir til að hafa metnað til þess að sjá þær gerast.

Síðastliðin fimm ár hafa forystumenn SA og ASÍ haft mjög líttinn áhuga að ræða grundvallarbifangsefnið varðandi sveiflurnar í þjóðarbúskapnum. Nú segja þessir

tveir nýju forystumenn: Þar getum við verið sammála.

Sameiginleg sýn á hindrunum, sem ryðja þurfti úr vegin, var kjarninn í þjóðarsáttinni fyrir þrjátiú árum. Þessi hugsun var komin aftur á flug en var svo kæfð á ný fyrir nokkrum árum. Skamtíma sérhagsmunir hafa trúlega ráðið því beggja vegna.

Þólitíkin vildi líka losna við umræður um grundvallarviðfangsefni. Síðustu fjögur ár hefur hún verið of veik til að takast á við þau.

Þessir tveir nýju forystumenn á vinnumarkaðnum eru ekki að segja eitthvað, sem enginn hefur sagt áður. En þeir eru að endurvekja sameiginlega sýn á vanda, sem legið hefur í þagnargildi um hrið.



Okkar hagkerfi sveiflast margfalt meira en önnur, sem við jöfnum okkur til. Kreppurnar verða dýpri.

### Einn græðir annar tapar

Það er margt líkt með kröftum stórfljótsins og lögðmálum efna-hagssífsins.

Rétt eins og straumskipti fljótsins brýtur nytjaland til skipti beggja vegna, valda sveiflur efnahagslífsins því að einn hluti hagkerfisins græðir í skamman tíma meðan annar tapar. Launþegar í einn tíma og fyrirtækini í annan. Svo snúast leikar við.

Það vantar þá sem tala af hyggindum bændanna við Markarfljót. Grein formanna SI og BHM er tilraun til að fylla upp í tómarúm. Svo reynir á úthaldið, og ekki síður á hitt, að fá fleiri til að ganga með.

Ríkisstjórnin tekur örugglega undir fyrirsögn þeirra félaga í nýrri stefnuvifrlýsingu. Hún hefur hins vegar í fjögur ár verið í afneitun gagnvart grundvallarviðfangsefninu. Hætt er því við að alvara greinarinnar verði ekki nefnd.

Það er því brekka fram undan. ■

## Við óskum Innes til hamingju með nýja vagninn

**IGLOOCAR**  
YFIRBYGGINGAR

**SOMMER**  
Einfach sicher transportieren

**PALFINGER**

**TRIDEC**

Steering systems and axlesuspension



-allt til flutninga

**G.SKAPTASON EHF.**

Klettagarðar 12, 104 Reykjavík, s. 481 1020 - [www.gson.is](http://www.gson.is)

# Blái herinn – birtingarmynd spillingar



Kristján  
Hreinsson  
skáld



Fyrir skemmstu skrifaði ég grein hér í blaðið þar sem ég bent rétti- lega á það hvernig Tómas Knúts- son skreytti sig stolnum fjöðrum. Ekki hefur Tómas séð ástæðu til að mótmæla orðum mínum. Eins hefur stjórn hersins þagað þunnu hljóði. Þógn er sama og samþykki. Enda veit blái hermaðurinn upp á sig skömmina og hann veit einnig að ásökun mín er á rökum reist. Hann veit að umræddar fjaðrir eru ekki þær fyrstu sem hann skreytir sig með án tilefnis.

Eitt af því sem vakti athygli mína fyrir nokkru var að Blái herinn fékk verulega fjármuni til þess að hreinsa strendur Íslands. Í febrúar 2020 fékk herinn 2 milljónir króna frá umhverfisráðuneytinu vegna verkefnis sem ber heitið Plasthrein- asta landhelgi í heimi. Google, sem þekkir allt og alla, kannast eigin- lega ekkert við þetta verkefni og það virðist enginn þekkjá það nema ráðuneytið, forseti Íslands og Blái herinn. Ég geri ráð fyrir að þetta hljóti að vera einhvers konar hern- aðarleyndarmál en þætti samt sem áður vænt um ef einhver gati kom- ist að því um hvað verkefnið snýst – þetta er styrkt með fjármunum skattgreiðenda. Í bráðum tvö ár hefur þessi styrkur verið í höndum Blái hersins en framkvæmdirnar eru engar. Allavega sjást þær hvergi. En ef ekki hefur verið framkvæmt það sem ætlað var að framkvæma fyrir styrkinn, þá ber styrkþega að endurgreiða að fullu.

## Upphrópanir um afrek

Nánast það eina sem fram kemur um starfsemi Blái hersins á heimasiðu hans og Facebook, eru myndir af jeppa sem Blái herinn fær frá Toyota, myndir af kerru sem er merkt Brimi og svo yfirlýsingar um ágæti Blái hersins, forystuhlutverk hans í hreinsun strandlengjunnar og upplýsingar um gríðarlegt magn rusls. En tonnin eru þó í engu samræmi við það sem kemur fram í ársskýrslum. Ársskýrslurnar eru reynrar afar misvisandi en skemmtileg lesning þar sem skreytni virðist ráða ríkjum í bland við barnalegt malfar. Ársskýrslurnar virðast allar hreinn til

búningur. Þar eru tíunduð fjölmög verkefni sem aldrei hafa verið framkvæmd, þar er kastað fram tölum sem stangast á við aðrar tölur. Alls staðar þar sem Tómas fór einn til verka er talað um að Blái herinn hafi verið að verki. Nefnd eru hjákátlegu- stu smáatriði og allar tölur ýktar. Ég hef tekið afrit af öllum skýrslum og farið vandlega í gegnum allan pakkann. Þarna er svo sannarlega að finna stolnar fjaðri.

Ég skoðaði ársreikninga Blái hersins, sem var reyndar afar erfitt að nálgast. Það kostaði mig japl, jaml og fuður að fá ársreikning fyrir árið 2019. Sá reikningur er þó ekki annað en þunnt plagg. Framkvæmdastjóri- inn, Tómas Knúts-son, og stjórnarformaðurinn, Hrönn Ólina Jörundsdóttir, svoruðu mér með tölvupósti og vildu meina að ég væri með aðför að frjálsum félagsamtökum þegar ég bað um ársreikning félags- ins. Tómas sagði að Blái herinn þyrfi ekki að skila ársreikningi. En reglur segja annað. Þegar ég tjádi þeim að vegna ritgerðar sem ég hafði í hyggju að rita, þyrti ég að fá ársreikninga síðustu tíu ára, tjádi Tómas mér að reikningarnir hefðu glatast í húsbruna. Hann taldi þó að bókarinn ætti kannski eitthvað. Upp úr krafssinu hafði ég ársreikning tveggja ára – 2016 og 2019. En ef samtökun eru stofnuð 1998 þá vant- ar 20 ársreikninga. Reikningarnir eru undarleg lesning; í áritun er að finna þessa yfirskrift: „Til stjórnar og eigenda Blái hersins.“ Þar koma fram nokkrar styrkveitingar til sam- takanna. Það er þó einkar merkilegt að félagsamtök geti fengið styrki – ár eftir ár – án þess að skila árs- reikningi. Reyndar er þetta lögþrótt. Enda má eflaust leita leiða til að

lögsækja ríkisvald sem veitir styrki með ólöglegum hætti. En það er nú önnur saga.

## Húsaleiga en engar eignir

Að mínu viti fullnægir þetta félag ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir því að fá rekstrarstyrk frá ráðuneytum Íslands. Í ársreikningi sést að herinn félki eina miljón til rekstrar á árinu 2020, reikningarnir eru ekki endurskoðaðir og þar að auki er styrkur sem veittur var frá umhverfis- og auðlindaráðuneytini fyrir árið 2019 ekki talinn fram í tekjuhlíð ársreikningsins. Það vekur líka athygli að félagið á engar eignir – ekki eina krónu á bankareikningi. Verulegur hallarekstur er á starfseminni árin 2017 og 2018 en hagnaður árið 2019. Eitt árið greiðir herinn himinháa húsaleigu (þ.e.a.s. 2019, alls u.p.b. fíðar milljónir vegna húsnæðis, jafnvel þótt eignir séu engar. Engar eignir – en yfir 300.000 í leigu á mánuði. Þetta hlýtur að vekja athygli). Hitt árið er engin húsaleiga tilgreind, (þ.e.a.s. 2017, alls 0,0 kr. í kostnað vegna húsnæðis). Yfir allt árið 2016 voru að vísu greiddar 243.000 kr. í húsa- leigu. Svo kostar 250.000 kr. að flytja engar eигur í nýtt húsnæði. Þetta hlýtur að vera fáheyrt. Hverjum ætli húsaleigan hafi verið greidd?

Þetta mátti lesa í Fréttablaðinu 18. október 2018: „Er á götunni með Blái herinn“. En engu að síður er herinn eignalaus. Hér er ekki alveg rétt gefið eða ekki rétt með farið. Barlómurinn á allavega ekki við rök að styðjast. Ekki þarf að skjóta skjólhúsi yfir það sem er ekki til.

## Brot á lögum

Þau eru ordin mörg árin sem Blái

herinn hefur verið styrktur af ríkisvaldinu. Enda virðist últlið fagurt við fyrstu sýn. Þær eru þó ótrúlega margar heimatibúnu fréttirnar af afrekkum hersins og gortað er af hverju handtaki – unnu sem og óunnu. Svo ómar barlómurinn ef ekki kemur nóg af seðlum. Það hlýtur einnig að teljast merkilegt að herinn hélt upp á 25 ára afmæli sitt í apríl 2020. En engu að síður eru samtökun stofnuð 1. apríl 1998. Skemmtileg lygi hér á ferð. Kannski aprílgabb. Eitt er víst að svona samtök eiga ekki að fá krónu í styrk ef þau skila ekki ársreikningi. Þannig er mælt fyrir í lögum á Íslandi. (Reglur um úthlutun verkefnastyrkja á svíði umhverfis- og auðlindamála). Þar kemur fram að styrkþegum beri að varðveita bókhald síðustu sjó ára. Einnig er lögð á það áhersla að ef umrætt verkefni fer ekki af stað fyrir árslok þess árs sem styrkurinn er veittur, beri felaginu að endurgreiða styrkinn.

Ekkir veit ég hvort Tómas þessi Knúts-son er yfirlýstur Sjálfstæðis- maður. En ég hef oft sinnis heyrat af mönnum sem eiga allt undir því að vera flokksbundnir og hafa greiða leið að sjóðum. Sjóðirnir virðast vera Tómasi opnir, þrátt fyrir að hann skili ekki ársreikningi. Ein- hverja leið er hann láttinn fara fram hjá laganna bókstaf. Reglur um almenna rekstrarstyrki til félaga- samtaka sem starfa að umhverfis- málum, segja okkur að félög verði að skila ársreikningi, hafa „opið og endurskoðað reikningshald.“ Svipaðar klásúlur er viða að finna í íslenskum lögum. Ekki veit ég til þess að önnur félög í þessum geira hafi komist hjá því að skila bókhaldi. Þetta segir mér að hér sé eitthvað annað en réttlæti látið

ráða. Enda er víst að ekki er farið að lógu.

## Orða fyrir orðagjálfur

Tómas Knúts-son fikk fálkaorðuna fyrir að hreinsa fjörur landsins. Þær fjörur sem hann hefur hreinsað eru þó nær allar á Reykjanesi – ef marka má ársskýrslur félagsins. Það getur vel verið að handhafar hinnar íslensku fálkaorðu þurfi ekki að lúta þeim skilyrðum sem sett eru af ráðuneytum. Ef svo er, þá sýnir eigandi Bláa hersins gott fordæmi. Það er kannski nóg að þeir láti sjá sig tvisvar á ári með forsetanum eða bandarísku sendiherranum við hreinsun stranda á Reykjanesi til þess að setja lúkurnar á bólakaf í ríkiskassann. Þessi her er reynar eins og flestir vita ekkert annað en einn hávær hermaður. Og það er kannski nóg að menn skreyti sig stolnum fjöðrum annað slagid.

Átlun mín er ekki að gera lítio úr Blái hernum, það gera þeir sem skreyta sig stolnum fjöðrum. Þrátt fyrir allt, hefur herinn gert það gagn að vekja mikla athygli á plastmengun í hafinu umhverfis Ísland, þó svo að verk hans séu meiri í orði en á borði. Mig langar að það verði skoðað hvað býr að baki því magni af rusli sem Tómas segist hafa safn- að úr fíðrum landsins. Hvað er að marka þær tölur sem nefndar eru? Eru afrekin í raun og veru afrek? Hvers vegna fær herinn styrki þótt hann fari ekki að lögum varðandi ársreikninga?

Á heimasiðu félagsins, sem reyndar er afar rýr í roði, segir orðrétt: „Frá stofnun hefur Blái herinn verið fremstur í flokki í hreinsun stranda, hafna, lóða fyrirtækja og fleira á Íslandi. Á tímabilinu hafa farið yfir 76000 vinnustundir í meira en 300 verkefni með 9600 sjálfboðalidum sem hreinsað hafa yfir 1.550 tonn af rusli úr náttúru Íslands. (...) Tómas var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í janúar síðastiðin fyrir framlag sitt á vettvangi umhverfisverndar.“ (Þetta er orðrétt og óleiðrétt tilvitnun).

Á heimasiðu félagsins eru vart annað en afrekaupptalning, hreinn gorgeir og gjálfur, sem vart er marká takandi. Þar er nánast einvörðungu talað um verkefni á Reykjanesi. Engu að síður talar eigandi Bláa hersins um hreinsun allrar strandlengjunnar og miklar sig af verkum um allt land án þess að gefa upp staði. Á heimasiðunni og á fésbókar- síðu er sagt að Blái herinn hafi gert þetta eða hitt. Allt tal um forustuhlutverk er orðum aukið, sparða- tinginurinn er einstakur og stolnu fjaðirnar á við og dreif.

**BRANDSON**

**FLETTU TIL AÐ SJÁ VÆNTANLEGAR VÖRUR!**

**EÐA SÆKTU APPÍÐ FYLGSTU MEÐ ÞAR!**

Fáanlegt í App Store      Fáanlegt í Google Play

- SÆKJA APP HÉR -  
Skoða með síma-myndavél

BRANDSON.IS

# ÞITT NAFN



# BJARGAR LÍFI

**ÞAÐ ER ALDREI RANGUR TÍMI FYRIR MANNRÉTTINDI**

Í dag hefst stærsta mannréttindaherferð í heimi.  
Markmiðið er að safna undirskriftum í þágu þolenda  
mannréttindabrota og skora á stjórnvöld víða um heim  
að láta tafarlaust af brotunum. Ekki láta þitt liggja.

Skrifaðu undir á [amnesty.is](http://amnesty.is)

# Vitundarvakning um sýklalyfjanotkun – verndum sýklalyfin



Anna Margrét  
Halldórsdóttir  
yfirlæknir á sótt-  
varnasviði

einangra penicillín en framleiðsla og notkun þess sem sýklalyfs hófst um og eftir síðari heimsstyrjöld. Fleming hlaut, ásamt öðrum, Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1945 fyrir þessa tímamótauppgötvun. Uppgötvun sýklalyfja er ein mikilvægasta uppgötvun læknisfræðinnar og hafa þau komið í veg fyrir hundruðir milljóna dauðsfalla vegna sykinga.

Sýklalyf eru notuð til að meðhöndla bakteríusýkingar en eru gagnlaus gegn veirusýkingum svo sem kvefi og inflúensu. Margar ólíkar gerðir sýklalyfja hafa verið þróðar eftir uppgötvun penicillíns og hafa lyfin mismikla verkun á

ólíkar gerðir baktería. Sum sýklalyf teljast þróngvirk og verka aðeins á faðr tegundir sýkla, meðan önnur lyferu breiðvirk og hafa virkni gegn mörgum tegundum. Því miður geta bakteríur þróð með sér ónæmi gegn sýklalyfum og getur ónæmið breiðst út meðal baktería. Ónæmi sýkla getur verið ýmist gegn einni eða fleiri gerðum sýklalyfja og getur meðhöndlun sýkinga af völdum fjölonæmra sýkla reynst mjög erfið. Sýkingar af völdum sýklalyfjaónæmra baktería tengjast bæði alvarlegum veikindum og andlátum. Talið er að um 33.000 Evrópubúar láti lífið árlega af völdum sýklalyfjaónæmra baktería.

A síðari árum hefur ónæmi gegn sýklalyfum farið waxandi í heiminum og eru því blikur á lofti hvað varðar áhrifamátt sýklalyfja í framtíðinni. Af þessum sökum hafa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og fleiri stofnanir lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein helsta heilbrigðisógn sem steðjar að mannkyni í dag. Arlega er haldin alþjóðleg vika vitundarvakningar um sýklalyfjanotkun (World Antimicrobial Awareness Week) dagana 18. til 24. nóvember og sömuleiðis evrópskur vitundarvakningardagur

(European Antibiotic Awareness Day) 18. nóvember. Sóttvarnalæknir vekur athygli á þessu átaki og mikilvægi þess að standa vörð um virkni sýklalyfja um langa framtíð.

Skynsamleg notkun sýklalyfja er lykilatriði til að stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Því er mikilvægt að lærknar noti sýklalyf með markvissum hætti, en sýnt hefur verið að bæði heildarnotkun sýklalyfja og hvernig þau eru notuð hefur áhrif á sýklalyfjaónæmi. Einnig er mikilvægt að fræða almenning um hvenær sýklalyf eru við hafi og hversu mikilvægt er að taka þau á réttan hátt. Ekki skal taka sýklalyf án ávísunar frá lækni og mikilvægt er að taka lyfin samkvæmt lyfseðli, ekki síst hvað varðar skammta og lengd meðferðar.

Eins og fram kemur í nýutkominni skýrslu um sýklalyfjanotkun og -næmi fyrir árið 2020 hefur náðst árangur við að draga úr notkun sýklalyfja hérlandis, sem er jákvæð þróun. A milli áranna 2019 og 2020 minnkaði heildarsala sýklalyfja hjá mönnum um 16,5% en sé miðað við árið 2016 dróst salan saman um 30%. Ástæður fyrir samdrætti í notkun sýklalyfja hérlandis á árinu 2020 geta verið fjölmargar, en það

ár einkenndist af umfangsmiklum samfélagslegum og einstaklingsbundnum sóttvarnaðgerðum vegna COVID-19. Þessi viðbrögð leiddu til fækkanar annarra sýkinga í samfélágini, sérstaklega öndunarfarasýkinga, sem aftur virtist tengjast minni notkun sýklalyfja. Þannig sýnir reynslan að sýkingavarnir geta skipt verulegu málí til þess að draga úr sýkingum og notkun sýklalyfja.

Að lokum er mikilvægt að hvetja til áframhaldandi vitundar og samstöðu um að vernda virkni sýklalyfja, svo kynslóðir framtíðarinnar njóti góðs af þessari mikilvægu uppgötvun sem gerð var fyrir tæpum hundrað árum. ■



**Skynsamleg notkun sýklalyfja er lykilatriði til að stemma stigu við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.**

## Ómeðvituð hlutdrægni – glóðin í stereótýpu kynjaboxinu



Rúna  
Magnúsdóttir  
leiðtogaarkþjálfari  
og fyrirlesari

„Ómeðvituð hlutdrægni! Bíddu, aðeins, segðu mér meira“ eða „Ómeðvituð hlutdrægni! Ég skil ekki alveg, getur þú sagt mér hvernig það hljómar á ensku?“

Þetta eru undantekningarálaust viðbrögð fólks þegar ég er spurð að því hvað við erum að gera hjá No More Boxes vitundarvakningunnini.

Mitt svar hefur verið: Ómeðvituð hlutdrægni er það sem kallast á ensku: unconscious biases, p.e.a.s. undirliggjandi viðhorf okkar og viðbrögð sem stjórna allt að 95% af öllum okkar daglegu aðgerðum sem byggja á undirliggjandi prógrömmum, viðhorfum okkar og viðbrögðum sem við höfum þróað með okkur og tekið með okkur í nesti frá fyrri kynslóðum.

Þegar fólk áttar sig á hugtakinu ómeðvituð hlutdrægni, þá opnast fyrir flödgáttir af sögum. Sögur um hvernig fólk hefur upplifað ómeðvitaða hlutdrægni í gegnum tíðina. Sögur um viðbrögð við #metoo umraðu. Sögur um konur sem eru beðnar um að nái í kaffið eða karlar að smíða, gera við og græja hlutina, þrátt fyrir að kunna það alls ekki og hafa engan áhuga á því að læra það.

Þessi opnun og einlægur áhugi fólk sýnir að fleiri og fleiri eru að sjá og finna á eigin skinni að gömlu stereótýpu kynjaboxin eru enn þá spriklandi fersk, dansandi undir yfirborðinu og stjórna lífi okkar allra a einn eða annan veg.

Það er okkur, mannfólkunum, jafn eðlilegt að setja okkur sjálf og aðra inn í box eins og að draga andann. Stereótýpu kynjaboxin, eru eins og öll önnur box, hönnuð með það að leiðarljósí að setja fólk inn í box eftir persónulegu viðhorfi okkar, í þessu tilfelli viðhorfi til kynjanna eða kynvitundar fólkum.

Vandanálið sem við stöndum frammi fyrir kemur upp á yfirborðið þegar við fórum að gera ráð fyrir að fólk lifi og hagi sér eins og stereótýpu kynjaboxin. Og það sem er enn þá verra er þegar við hleypum fólk ekki einu sinni út úr boxinu til að draga andann, leyfa því að átta sig á því að það vill ekkert eiga heima í þessu boxi sem hefur skilgreint það til þessa dags. Stereótýpu kynja-

boxið er hreint út sagt hlægilega fáranlegt. Á sama tíma eitt mikilvægasta boxið til að opna og taka rösklega til í, vegna þess að gamla mýtan um hvað eru konur og hvað eru menn getur ekki gengið upp í því samfélagi sem flestir vilja búa í, þ.e.a.s. samfélagi þar sem við fáum að njóta meira af hæfileikum fólk, samfélag þar sem folk fær að vera meira það sjálf.

Það sér hver og einn að allir karlmenn eru ekki: Sterkir, tilfiningasnauðir leiðtoga með kynlíf á heilanum. Þaðan af síður eru allar konur: Blíðar, fallegar og umvefjandi.

Samt ... samt ... eru þetta algengustu orðin sem koma upp í huga fólk þegar talar er um kynin á þeim viðburðum hjá No More Boxes vitundarvakningunni þar sem kynjaboxið hefur verið opnað.

Sprjum okkur: Hvað gerist ef að þú ert karlmaður og þú ert bara ekkert sterkur, hefur fullt af tilfiningum, vilt ekkert endilega vera leiðtogi og átt fullt í fangi með sjálfan þig og langar bara stundum í kynlíf?

Eða, hvað ef þú ert kona og þú bara nennir ekki að vera að sýna alltaf einhverja hluttekningu, hvað þá að setja allan fókusinn þinn á að vera „falleg“? Þig langar kannski bara meira í meira kynlíf, að vera sterkur leiðtogi og hafa áhrif í samfélagini?

Hvert og eitt okkar þarf andrými til að draga andann og skoða hvort að sú skilyrðing sem þú hefur ómeðvitað samþykkt út frá kyni eða kynvitund, hvort það sé í raun og veru sú manneskja sem þú vilt vera?

Ísland hefur náð frábærum árangri á svíði jafnréttis kynjanna, og við þurfum að gera betur.

Mín niðurstaða segir mér að heimurinn er að hrópa til Íslands: Sýnið okkur, leiðið okkur og vísið okkur áfram veginn.

Til þess að við getum fyllilega tekið það verkefni að okkur þurfum við, hvert og eitt okkar, að vera tilbúin til að taka til í okkar eigin stereótýpu kynjaboxum og átta okkur á okkar eigin ómeðvituðu hlutdrægni sem öllu stjórnar í dag. ■



**Ísland hefur náð frábærum árangri á svíði jafnréttis kynjanna og við þurfum að gera betur.**

  
**HAUSTFUNDUR KNATTSPYRNUDEILDAR**  
FÖSTUDAG | 26. NÓVEMBER | KLUKKAN 17:00

**HAUSTFUNDUR FÉLAGSINS VEGNA KOSNINGAR Í DEILDARSTJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR VERÐUR HALDINN Í ORIGO HÖLLINNI AÐ HLÍDARENDU**  
**26. NÓVEMBER KLUKKAN 17:00**

DAGSSKRÁ HAUSTFUNDAR ER SAMKVÆMT SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

Stjórn knattspyrnufélagsins Vals



# Bókasafnasjóður

Umsóknarfrestur til 25. nóvember

Framlengdur umsóknarfrestur til 25. nóvember 2021.

Athugið að innsender umsóknir frá því í september eru gildar.

Sjóðurinn styrkir skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á svíði bókasafna- og upplýsingamála. Sjóðnum er heimilt að styrkja verkefni sem efla faglegt samstarf bókasafna, m.a. alþjóðleg samstarfsverkefni.

**Hverjir geta sótt um?**

Öll bókasöfn sem falla undir bókasafnalög geta sótt um styrki, ein eða með öðrum bókasöfnum eða með öðrum aðilum.

Hlutverk bókasafnasjóðs samkvæmt VI. kafla bókasafnalaga nr. 150/2012 er að efla starfsemi bókasafna.

**Umsóknarfrestur er til 25. nóvember kl. 15.00.**

Umsóknum skal skilað rafrænt á [www.rannnis.is](http://www.rannnis.is).

**Næsti umsóknarfrestur er í mars 2022**

Bókasafnaráð  
Rannís, Borgartúni 30,  
sími 515 5838,  
[bokasafnasjodur@rannnis.is](mailto:bokasafnasjodur@rannnis.is)



# ALIT

FIMMTUDAGUR 18. nóvember 2021

KYNNINGARBLAÐ



Hljómsveitin Brass Against.  
MYND/BRASSAGAINST.COM

## Pissaði á aðdáanda á sviði

oddurfreyr@frettabladid.is

Söngkona hljómsveitarinnar Brass Against, Sophia Urista, vakti mikla athygli þegar hún pissaði framan í viljuna aðdáanda sveitarinnar á tónleikum í Flóríða fyrir viku.

Urista kallaði áhorfanda úr mannfjöldanum upp á svíð á tónleikunum á meðan sveitin spilaði lagið Wake Up eftir Rage Against the Machine. Hún sagði honum að leggjast á sviðið, dró niður buxurnar og sprændi framan í hann. Maðurinn virtist hrifinn af athæfinu og stóð svo upp og frussaði hlandi yfir áhorfendur. Urista varð víst mjög mál á miðjum tónleikum og sagðist ekki komast á klósett og því væri alveg eins hægt að gera sjónarspil úr þessu.

Að minnsta kosti einn áhorfenda hafði samband við lögreglu, en málið verður ekki kært.

### Afsökunarbeiðni á Twitter

Hljómsveitin birti afsökunarbeiðni á Twitter-síðu sinni og sagðist þykja fyrir þessu og að hljómsveitin stæði ekki fyrir svona hlutum. Hljómsveitin sagði enn fremur að Sophia hefði gengið of langt, enginn í sveitinni hefði búist við þessu og að þetta væri ekki eittihvað sem folk gæti búist við að sjá á tónleikum sveitarinnar. Þar kom líka fram að Sophia hefði þrifð sóðaskapinn af sviðinu eftir tónleikana. ■



Magga saumakona til vinstri og Hildur verslunarstjóri. Rúmföt.is er eina verslunin hér á landi sem sérhæfir sig í fyrsta flokks gæðarúmfatnaði. Magga saumar dýrindis rúmföt úr finstu efnum frá Ítalíu og viðar að. Mjúk efni eru enda grunnurinn að góðum svefn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Góður svefn sveipaður silkimjúku laki

Hugmyndin að versluninni Rúmföt.is fæddist upphaflega í litlu afgreiðslunni í þvottahúsi A. Smith á Bergstaðastræti 52. Stofnandi og eigandi verslunarinnar er Björn Þór Heiðdal. Rúmföt.is er staðsett að Nýbýlavegi og sérhæfir sig í rúmfötum í hæsta gæðaflokki. 2



Eftir að hafa þvegið rúmfót í áratugi var Birni orðið ljóst að gæðum rúmfata sem boðið var upp á á Íslandi fór stórum hrakandi, sérstaklega eftir að Fatabúðin, Verið og slíkar sérverslanir með rúmfót hættu. Því var ákveðið að hefja innflutning á rúmfótum í bestu fáanlegu gæðum og selja á sann-görnu verði.

Hildur Þórdardóttir, verslunarstjóri hjá Rúmfót.is, segir að verslunin hafi tekið miklum stakkaskiptum eftir að hún hóf störf hjá fyrtækinu, „Betta hefur undið heilmikið upp á sig. Fyrir þremur árum fluttum við hingað á Nýbýlaveginn og í fyrra stækkuðum við verslunina um meira en helming og bættum heilmiklu í vörurúvalið,“ segir Hildur. „Fagmennska er það sem við viljum standa fyrir. Við erum eina sérverslunin á landinu sem sérhæfir sig í rúmfótum og veitum þjónustu í samræmi við það,“ bætir hún við.

#### Það verður gaman að sauma úr þessu

„Við kaupum baði tilbúin rúmfót frá Ítalíu og stranga sem Margrét Guðlaugsdóttir, eða Magga saumakona, saumar úr, eins og henni einni er lagið,“ segir hún og bendir á Möggu.

Magga bætir við að það krefjist mikillar nákvæmnisvinnu að sauma rúmfót en starfið verði seint leiðigjarni. „Maður skyldi nú halda að eftir tæplega 60 ára starsfreynslu ætti ég að vera löngu búin að fá nóg af þessu. En mér hefur alla tið þótt gaman að sauma og þykir það enn þá. Þegar það kemur nýtt efni í búðina frá Ítalíu þá renni ég höndunum um það og hugsa með mér: „Noh, hvað það verður gaman að sauma úr þessu!“ segir hún dreymin á svip.

**Besta bómullin frá Egyptalandi**  
Í haust heimsótti Hildur Ítalíu og skoðaði verksmiðjuna sem Rúmfót.is verslar mest við. „Þar fékk ég að skoða hvernig efnið er ofið og meðhöndlað. Ítalir leggja mikla áherslu á að nota góða bómull í vefnaðinni. Besta bómullin er sú egypska og mér skilst að svipuð afbrigði séu ræktuð úti um allan heim. Ekki ósvipað og með vínþrúgurnar. Það er hægt að rækta Chardonnay um allan heim en aðstæðurnar verða að vera réttar til að vínið sé gott. Besta bómullin er einfaldlega ræktuð í Egyptalandi. Þess vegna hafa Ítalir allar klær úti til að finna bestu bómullina á hverju ári. Það sem nýtist ekki strax geyma þeir til leilegri ára. Því stundum verður enda uppskerubrestur eða vaxtarskil-yrdin leleg og þá minnka gæðin sem eru í boði,“ segir Hildur.

Bómullin er svo unnin og ofin eftir kúnstarinnar reglum. „Þegar búið er að spinna bómullina og setja á kefli þarf að ákveða hvort vefa á marglitt efni, til dæmis silkidamask eða einlitt efni. Marglitu efni eru ofin úr lituðum þræði og því þarf að lita þráðinn áður en byrjað er að vefa. Ein-litu efni koma öll í náttúrlegum bómullarlit úr vefstólinum og eru síðan lituð í réttum lit. Eftir litun eru efni meðhöndluð eftir kúnstarinnar reglum til að gefa þeim meiri mykt og réttu áferð.

Fólk spyr okkur stundum hver sé munurinn á damaski og satín. Það er nefnilega smá ruglingur í gangi. Margir halda að damask sé betra en satín. En eini munurinn er sá að damask er efni með ofn munstri í en satín er alveg slétt. Gæðin fara eftir þræðinum sem er notaður og þar kemur egypska bómullin til sögunnar,“ segir hún.



Hildur mælir eindregið með að fólk kynni sér lystisemdir góðra laka og rúmfata á rúmið. Rúmfót.is bjóða upp á frábært úrval af gæðarúmfótum í mörgum stærðum og gerðum.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Hér sést skjannahvít og stilhreint damask frá Curt Bauer.



Blá rúmfót með myndum af magnoliu. Blómið er pekt fyrir að hafa góð áhrif á svefninn.



Ítalskt hágæða silkidamask saumað á Íslandi



Rúmfót og lök í öllum regnbogans litum og mynstrum. Mýktin er óviðjafnanleg enda er Björn, eigandi verslunarinnar, sérlegur áhugamaður um rúmfót og velur eingöngu finstu efni.

MYND/ADSEND

#### Lökin skipta lykilmáli

Rúmfót.is selur margar stærðir af lókum. „Þegar búðin var opnuð áttum við bara þessar algengustu stærðir sem flestir eru að kaupa. En í dag reynum við líka að eiga stærðir sem eru sjaldséðari á rúnum landsmanna. Til dæmis 200x200 cm, 80x200 og 180x210, svo örfað dæmi séu tekin. Við erum líka til ráðleggingar fyrir viðskiptavini um hvaða lök henti og hvaða stærðir séu bestar fyrir rúminum.

Þegar ég var nýbyrjuð að búa fór ég út í búð og keypti 160 cm lak á rúmdýnuna, sem átti að passa nákvæmlega. Eftir þrjá þvotta var lakið orðið allt of lítið og ónothaft, því dýnan var eins og skip, með öll horn rísandi þannig að ekki var hægt að sofa í rúminu. Alvöru fagfólk hefði frætt mig, nýgræðinginn, um það að lök hlaupa í þvotti og þess vegna hefði ég þurft að kaupa lak sem væri minnst 170 cm á breidd. Þess vegna seljum við öll lök 10 cm stærri en mæling rúmsins og fræðum viðskiptavini í leiðinni,“ segir Hildur.

#### Bara það besta

„Talandi um lök þá bjóðum við upp á dásamleg lök úr 400 þráða bómullarsatíni. Lökin eru ofin úr einföldum þræði og eru þess vegna „alvöru“ 400 þráða en ekki bara 300 þráða eins og sumar búðir eru að selja. Þessi lök eru því sleipari en gengur og gerist. Margir viðskiptavinir sem hafa keypt þessi lök hafa komið aftur og keypt fleiri og látið mig vita í leiðinni að þetta séu bestu lök sem þeir hafa átt.

Ítolsku lökin sem við seljum eru 600 þráða og ofin úr tvöföldum þræði. Bómullin kemur frá Egyptalandi og er æðislega mjúk. Eins og ég nefndi áðan þá fara gæðin á efninu mikið eftir því hvaða bómull er notuð. En í þessi lök er adeins notuð hágæða egypsk bómull. Þau eru því úr sama efni og rúmfötin sem við láttum framleida fyrir okkur. Ítalirnir sem við skiptum við eru mjög passasamir þegar kemur að gæðunum. Það er hægt að kaupa ódýrar efni hjá þeim en okkur dettur það ekki í hug. Bara það besta er nóg gott.“

#### Satinlökin betri en frotté

Hildur bætir við að í Rúmfót. is fái ekki svokölluð frotté-lök sem stundum er spurt um. „Mér persónulega hefur alltaff fundist betra að sofa á virkilega góðum satínlökum. Þau eru bæði sleipari en frotté-lökum og því betra að snúa sér. Svo endast þau líka lengur. Sérstaklega í samanburði við algengustu frotté-lökum. Góð lök eru nefnilega ekki síður mikilvæg en hágæða rúmfót þegar kemur að góðum nætursvefni.“

#### Góð rúmfót fyrir guðdómlagan svefn

„Ekki má gleyma áprentuðu satínrúmfötunum okkar. Þau eru öll úr 100% bómull og koma bæði 300 þráða og líka 600 þráða. Verðið er frá 10.900 krónum og upp í 17.800 krónur. Flestir kaupa rúmfót í stærðinni 140x200 cm en við eignum líka rúmfót fyrir extra langar sängur sem eru 140x220 cm og á tvöfaldar sängur sem eru 200x220 cm. Rúmfötin eru frábærar jólajafir, en svo er líka tilvalið splæsa á sjálfa sig fyrir jölin og tryggja sér góðan nætursvefn yfir hátiðirnar,“ segir Hildur að lokum.

Rúmfót.is verslun er staðsett að Nýbýlavegi 28. Þúðin er opin milli 12-17.30 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími: 565 1025. Vefverslunum rumfot.is er opin allan sólarhringinn.



NÝ  
SENDING

yoek

Stærðir 38-52

Skoðið // [www.hjahrafnhildi.is](http://www.hjahrafnhildi.is)



hja  
*Grafnhildi*

Engjategi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



# Prófar sig áfram með áhugaverðar samsetningar



Starri Freyr  
Jónsson  
starri  
@frettabladid.is

Undanfarin ár hefur Logi Þorvaldsson búið og starfað í London. Hann er að reyna að losa sig við allt svart úr fataskápnunum og vinna meira með liti og ljósa tóna, auk þess sem hann er byrjaður að sauma úr notuðum fótum og breyta þeim í nýjar flíkur.


Logi Þorvaldsson hefur unnið við kvíkmyndaframleiðslu undanfarin síði ár, þar af fjögur síðustu árin erlendis. Í dag býr hann og starfar í London. „Ég vann lengi við kvíkmyndaframleiðslu á Íslandi þangað til mér var boðið verkefni hjá Universal Pictures hér í London. Tveimur vikum síðar var ég búinn að losa mig við allar mínar eיגur, fluttur til Austur-London og mætti í stúdióin. Síminn hefur ekki stoppað síðan. Seinna meir stefni ég að flytja til New York og starfa þar sem framleiðandi.“

Tískuáhugi Loga kvíknaði á menntaskólaárum hans og hér sýnir hann okkur inn í fataskápinn og svarar nokkrum spurningum.

**Spurt og svarað:**  
*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?*

Hann er alltaf að þróast og breytast. Áhuginn kvíknaði í menntaskóla en það tók sinn tíma að finna minn eigin stíl. Ég reyni að hafa opinna huga og prufa mig áfram með áhugaverðar samsetningar. Í augnablikinu er ég að reyna að losa mig við allt svart úr fataskápnunum og vinna meira með liti og ljósa tóna. Ég er einnig byrjaður að sauma mikil úr notuðum fótum og breyti þeim í glænýjar einstakar flíkur.

**Hvernig fylgist þú með tískunni?**  
Langmest á Instagram. Annars fylgist ég mikil með fólkí úti á götu og í kringum mig. Mér finnst fallegt og áhugavert að sjá hvernig fólk tjáir sig með fatnaði. Það er til dæmis hægt að segja mikil um mannesku bara með því að skoða skó viðkomandi.



Jakkinn er vintage Fendi, toppurinn er föðurland sem hann stal frá vinkunu sinni, vintage rúskinnsbuxur og hælastork frá Rauða kross-inum. **MYNDIR / AÐSENÐAR**

**Hvar kaupir þú helst fötin bí?**   
Að kaupa fót er heilög athöfn. Ég get til dæmis ekki keypt fót á netinu því ég verð að máta og snerta flíkurnar. Ég kaupi nær allan fatnað notaðan og eyði mikluum tíma í að gramsa í slíkum verslunum.

**Hvernig er tískuborgin London?**  
Líklegast fjölbreyttasta borg í heimi þegar kemur að tísku.

**Hvaða litir eru í uppáhaldi?**  
Í augnablikinu er ég mikil að vinna með brúna og ljósa liti. Ég er hægt og rólega að safna í litríkan fataskáp.



Vintage toppur sem hann saumaði sjálfur, vintage Moschino buxur, antik skór og Viðja jewelry hálsmen.

**” Hvíta spariskyrtu sem ég stal frá pabba mínum einhver jólin. Hún er uppáhaldsskyrtan mína. ”**

Logi Þorvaldsson



**Áttu minningar um gömul tískuslys?**

Allt of margar og vona að þær verði fleiri.

**Hvaða þekkti einstaklingur er svalur þegar kemur að tísku?**

Allir sem ná að leika sér með það óhefðbundna og þora að prófa sig áfram. Af Íslendingum er það helst fatahönnuðurinn Sólveig Hansdóttir. Hvernig hún leikur sér með samsetningar á fatnaði er aðdáunarvert.

**Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?**

Hvíta spariskyrtu sem ég stal frá pabba mínum einhver jólin. Hún er uppáhaldsskyrtan mína.

**Áttu uppáhaldsverslanir?**

Hér í London fer ég oft í góð-gerðarverslanir sem selja notaðan fatnað (e. charity shops) en þær jafnast ekkert á við Rauðakrossbúðirnar heima á Íslandi sem eru einstakar í sinni röð. Helstu uppáhaldsverslanir mína í London eru Seratonin og Nordic Poetry.

**Áttu eina uppáhaldsflík?**

Það er þunnur langerma Maison Margiela bolur sem ég fékk í partíi í New York. Ég skipti á honum og jakkanum sem ég mætti í og nota hann nánast daglega.

**Bestu og verstu fatakaupin?**

Verstu voru líklegast jakki úr Kormáki og Skildi sem ég keypti þegar ég var 18 ára. Ég eyddi miklu peningum í þennan meðalflotta tvídjakka sem passaði ekki á mig. Á þessum tíma var ég með einhverja dellu fyrir Kormáki og Skildi. Ég hef aldrei notað þennan jakka en á hann samt enn.“

Bestu kaupin voru rauðar 70's útvíðar buxur sem ég fann í Sam-

Vintage leðurjakki frá manni sem selur fót úti á götu í London, Maison Margiela toppur, vintage buxur úr góðgerðarverslun og Prada skór.

hjálp á 500 krónur. Ég fæ aldrei jafnmikið hrós og þegar ég klæðist þeim.

**Notar þú fylgihlut?**

Þeir ramma inn heildarmyndina. Ég er alltaf með skart, fullt af hringum og nokkur hálsmen. Einnig er ég mikill aðdáandi sólgleraugna og klúta. Nýlega datt ég inn í töskur og er þessa dagana að leita að fullkomna veskinu.

**Eyðir þú miklu peningum í fót miðað við jafnaldra þína?**

Nei, ég er frekar sparsamur þegar kemur að því að kaupa fót. Ég kaupi nær aldrei ný fót heldur yfirleitt notuð fót og gef um leið flíkur til baka. Ef ég kaupi dýra flík væri það helst einhver einstök notuð flík sem ég veit að ég mun nota lengi eða jafnvel góðir skór, þeir ná mér oftast. ■

## Scholl vörurnar eru fullkomnar í jólapakkann og sem tækifærисгjоф.

Nærðu fæturnar með Scholl!

**Scholl vörurnar eru fullkomnar í jólapakkann og sem tækifærисгjоф.**

**Nærðu fæturnar með Scholl!**

Fæst í Hagkaup, Krónunni, Fjarðarkaup, apótekum og á Heimkaup.is



**YESTA** Ankaria essential tunika  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 10.980



**YESTA** Ankaria tunika  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 10.980



**YEST/YESTA** shiffonkjóll  
Stærðir 38-56  
Verð kr. 12.980



**STUDIO** Hedvig kjóll  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 14.980



**STUDIO** Dina kjóll  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 12.980

yesta

yest

no secret

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZEZE  
Nordic

OPHILIA



**ZE-ZE** Filuc pífukjóll með doppum  
Stærðir 38-48  
Verð kr. 10.990



**ZE-ZE** Hiva plíseraður kjóll  
Stærðir 38-46  
Verð kr. 11.990



**ZHENZI** Pluma Shiffonkjóll  
Fæst líka í bleiku  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 12.990



**ZE-ZE** Nati Síður pífukjóll  
með smágerðu blómamynstri  
Fæst líka í bláu - Stærðir 38-46  
Verð kr. 8.990



**ZE-ZE** Liscic léttur pífukjóll  
með gyllingu  
Fæst líka í bláu - Stærðir 38-48  
Verð kr. 9.990

SYBEL

FRANDSEN

festival

STUDIO

tamaris

GOZZIP®

Handberg

SANDGAARD

LASESSOR

Jana®



**ZE-ZE** Paya hettupeysukjóll með Lurex  
Stærðir 38-48  
Verð kr. 12.990



**ZE-ZE** náttkjóll  
Fæst líka í bleiku og bláu  
Stærðir 38-48  
Verð kr. 5.990



**LASESSOR** Signa húfa  
Fæst í fleiri litum  
Verð kr. 6.990



**LASESSOR** MOOMIN  
fjölnota innkaupapokar  
Fást í fleiri mynstrum  
Verð kr. 2.590



**TAMARIS** Loðfóðraðir kuldaskór  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 28.990

Verslunin Belladonna

**belladonna**Líttu við á  
[belladonna.is](http://belladonna.is)

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Glæsifatnaður Carrie Bradshaw í nýjum þáttum

Tökur á þáttunum Just Like That sem eru framhald af hinni vinsælu þáttaröð Sex and the City, standa yfir bessa dagana. En eins og bekkt er spilaði tíská stórt hlutverk í Sex and the City.

sandragudrun@frettabladid.is

Sarah Jessica Parker fer eins og áður með hlutverk Carrie Bradshaw í þáttunum, sem verða frumsýndir á HBO-sjónvarpsstöðinni í desember.

**Persónan Brads-haw er óhrædd við að fara eigin leiðir í tískunni og er óhrædd við að taka áhættu.**

Ef marka má myndir sem náðst hafa af aðalleiknonu þáttanna við tökurnar sem hófust í sumar, þá er sömu sögu að segja um nýju þættina.

Persónan Bradshaw er óhrædd við að fara eigin leiðir í tískunni og er óhrædd við að taka áhættu. Hún hefur sést klæðast litríkum fótum á tökustáð frá þekktum hönnuðum. En látum myndirnar tala sínu máli. ■



Sarah Jessica Parker við upp-tökur í Madison Square Park í New York í haust.



Sarah í hvítum kjól og jakka og á svörtum hælum ásamt meðleikara sínum Bobby Lee við tökur á nýju þáttunum.



Sarah sem Carrie í virkilega fallegum og framandi fótum.



í fallega blárrí dragt með veski í stil.



Það er spurn-ing hvað persónan Carrie er að gera hér.



Föstudaginn 26. nóvember gefur Fréttablaðið út sérblaðið

**BLACK FRIDAY**

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon sölu-og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins  
Sími 550-5652 / arnarm@frettabladid.is

**BLACK FRIDAY**

FRÉTTABLAÐID | SÉRBLÖÐ

# BROSTU Í SKAMMDEGINU

D-vítamín & kröftug burnirót



Kröftug orku-blanda sem inniheldur 2000 einingar af D-vítamíni & íslenskri burnirót í einu hylki.

D-vítamín er mikilvægt sólarvitamín í skammdeginu. Orka og úthald í gegnum veturinn.

Burnirótin er íslensk ofurjurt sem eykur orku og minnkar slen. Frábær gegn álagi og streitu.

 ICEHERBS  
NATURAL SUPPLEMENTS



# Smáauglýsingar

550 5055

Afgeiðsla smáauglýsinga og sími  
er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



PARFTU AD KAUPA  
EDA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur  
þar sem þú getur keypt eða selt  
bíl á einfaldan og hagkvæman  
hátt. Kynntu þér málíð. www.  
bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is

## Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA  
BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu  
sms og við höfum samband

## Pjónusta

### Keypt & Selt

#### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli.  
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,  
snitsel og steikur. www.myranaut.is  
s. 868 7204



NUDD NUDD NUDD  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.  
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.  
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsimar. Hagstæð  
verð. Straumblik ehf. Löggiltur  
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með  
rafgeymi, einnig 24 volta og 32  
volta vandaðir díóðuljósakrossar  
á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf  
Skemmuvegur 34 (brún gata) 200  
kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699  
2502. Opið virka daga 8-17

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

### LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlæða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

### ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir, mótorhjóla og  
snjósléðasæti. Húsíslaklæðningar  
og öll almenn bólstrun. Við erum  
þekktir fyrir fljóta og góða  
þjónustu. Skoðið video af vinnslu  
á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

### Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Prjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vindu.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða  
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

### Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta  
vel í ferðapjónustuna,  
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is  
eða síma 899 0913 Fríða  
www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

## Heilsa

### Heilsuvörur



Tek að mér allt alm. viðhald  
húsa, s.s. málun, mürun, flisa- &  
parketlagnir og trésmíði. S. 616  
1569

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS  
Sérgeymslur á mjög góðum  
verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum staðum. Allt að  
20% afsláttur. www.geymslur.is



Ábendingahnappin má finna á  
www.barnaheill.is

SAFT

## Til Leigu

### Til leigu

Frábær staðsetning á verslunar eða skrifstofuhúsnæði,  
Hafnargata 23, Reykjavík. Samtals 238 fm – langtímaleiga.

Uppl. í s. 893 9777



# Við leiðum fólk saman



hagvangur.is



HAGVANGUR



### Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofl.

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is





SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMÍDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588 9090 | eignamidlun.is

## NÝTT Í SÖLU

Opið hús laugardag og sunnudag kl. 12:00 - 13:00



## Edenmörk 5 – Hveragerði

Glæsilegar 3ja-4ra herbergja íbúðir í lyftuhúsi á Edenreitnum í Hveragerði. Íbúðunum er skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni. Vandaðar innréttningar og tæki.

Afhending 15. júlí 2022.

Hveragerði er tilvalinn búsetukostur fyrir alla, jafnt barnafjölskyldur sem þá sem vilja breyta til og koma sér fyrir á rólegum stað innan um ósnorthna náttúru. Bærinn er í einungis 25 mínútna aksturs- fjarlægð frá Reykjavík og almenningssamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu eru tíðar.

Hveragerði státar af fyrirtaks skólakerfi. Nýr leikskóli var tekinn í notkun fyrir þremur árum og býðst börnum yfirleitt leikskólavistun fyrir 12 mánaða aldur. Nýtt frístundahemili hefur einnig hafið starfsemi.



Dadí Hafþórsson  
Löggiltur fasteignasali  
824 9096

Hilmar Þór Hafsteinsson  
Löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali  
824 9098




### Íbúð 101

4ra herbergja, 80 m<sup>2</sup>

Verð: 45.900.000

Afhending 15. júlí 2022




### Íbúð 201

3ja herbergja, 80 m<sup>2</sup>

Verð: 46.900.000

Afhending 15. júlí 2022



### Íbúð 301

3ja herbergja, 80 m<sup>2</sup>

Verð: 48.900.000

Afhending 15. júlí 2022





Telma þurfti að biða eftir tækifærinu í herbúðum Blika en hefur leikið vel undanfarin tvö ár og var verðlaunuð með sæti í A-landsliðinu fyrr á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Framherji sem varð að landsliðsmarkverði

Markvörður Blika segir að þátttaka þeirra í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu styrki hópinn, sama hver úrslitin verða. Telma Ívars dóttir, sem kemur frá Neskaupstað, fór úr framherjastöðunni í markmannsstöðuna á unglingsaldri og er í dag hluti af markmönnum landsliðsins.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** „Að taka þátt í þessu hefur verið frábært, maður fær heilmargt út úr því að mæta þessum liðum og allt ferðalagð fer í reynslubankann, sama hver lokaniðurstaðan verður. Maður sér talsverðan mun, við erum að þjappa hópnum vel saman eftir talsverðar breytingar undanfarin ár og þú kynnist liðsfélögnum og starfsfólkini á annan hátt og myndar sterkari tengsl,“ segir Telma Ívars dóttir, markvörður Breiðabliks, aðspurð hvernig það hafi verið að taka þátt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu þegar verkefnið er hálfnæð.

Blikar mæta WFC Kharkiv í seinni leik liðanna á Kópavogsvelli í kvöld eftir markalaust jafntefli liðanna í Úkraínu á dögumnum og geta fylgt eftir fyrsta stíginu með fyrsta signum í kvöld.

„Það er gríðarlegur undirbúningsur sem fer í hvern leik og við ætlum okkur að gera allt sem við getum til að fá þrjú stig. Við erum búin að fara vel yfir þeirra leik síðustu daga, hvað við gerðum vel í Úkraínu, hvað mátti fara betur og njótum góðs af því að fá strax aftur leik við þær.“

Þegar önnur félög eru flest að hefja undirbúningsstímabil sitt hafa Blikar ekkert slegið af frá því í byrjun október þegar þær urðu bikarmeistarar. Þær hafa æft eins og á hefðbundnu

tímabili og undirbúið sig fyrir stórléiki gegn félögum á borð við Real Madrid og PSG, á meðan aðrir leikmenn í efstu deild eru flestir að hvíla sig þegar það styttist í úthlaupin.

„Betta er vissulega svolítioð öðruvísi en áður,“ segir Telma létt í lundu og heldur áfram: „Vanalega er tímabilið búið í september en núna erum við að æfa á fullu, á þessum árstíma með tilheyrandi veðri og ferðalögum sem fylgja þessum leikjum. Við höfum sem betur fer verið heppnar með meiðsli þrátt fyrir að þessu fylgi talsvert meira álag.“

Hún tekur undir að þetta sé um leid ákvæðinn gluggi fyrir leikmenn að sýna sig fyrir erlendum liðum en hefur ekkert velt slíkum möguleikum fyrir sér.

„Ég hef í raun lítið velt mér upp úr því. Það hafa skilaboð borist á netinu frá einstaklingum sem segjast vera umboðsmenn, en ég er ekki að sýna því áhuga né velta mér upp úr því. Ef eitthvað gerist mun það koma inn á borð Breiðabliks og ég leyfi þeim að sjá um það. Þessir leikir í Meistaradeild Evrópu eru greinilega stórr gluggi og það eru fjölmargir að horfa á leiki í riðlakeppninni.“

Telma er með óvanalegan bakgrunn sem markmaður en í viðtali við Heimavöllinn, hlaðvarp með áherslu á kvennaknattspyrnu, á dögumnum, lýsti Telma því hvernig hún hefði í raun slysast í markið á unglingsaldri. Hún hefði verið framherji en leyst af í einum leik í marki og það hefði heillað Úlfar Hinriksson, þáverandi þjálfara U17 ára landsliðs Íslands, sem bodaði hana fljóttlega á landsliðsæfingu sem markmann.

„Ég var að spila sem framherji með fjórða flokki en stökk til þegar það vantaði í markmannsstöðuna í



Blikar eru fyrsta liðið sem kemst í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

“

Ég var í blaki til sextán ára aldurs sem gefur mér ákvæðinn grunn og þegar ég lít til baka hefur þetta reynst ótrúlega mikilvægt í að tímasetja sig sem markmaður.

þriðja flokki fyrir leiki gegn Gróttu og þar var Úlfar að fylgjast með á hlíðarlínunni. Síðan í kjölfarið er ég valin í fyrsta sinn í yngri landsliðin sem markmaður, þó að ég hafi ekki vitað af því. Ég hélt altaf að ég væri að fara sem útileikmaður,“ segir Telma við Fréttablaðið, þegar þessi saga er borin undir hana.

Austfirðingurinn á að baki 26 leiki fyrir yngri landslið Íslands og er í nýjasta landsliðshópi Íslands, en biður eftir elskirkinni með A-liðinu. Hún segist njóta góðs af grunni frá því að hafa verið í ýmsum íþróttum á yngri árum, þá sérstaklega blaki.

„Maður var í öllum íþróttum á yngri árum, þar af lengi vel í blaki fyrir austan í Neskaupstað sem ég held að hafi hjálpað mér gríðarlega mikil. Ég var í blaki til sextán ára aldurs sem gefur mér ákvæðinn grunn og þegar ég lít til baka hefur

þetta reynst ótrúlega mikilvægt í að tímasetja sig sem markmaður.“

Annað sem breyttist við komuna í yngri landslið Íslands var að Telma þurfti að venjast því að leika með linsur og hætta að notast við gleraugu. Hún kannast við sögu af því þegar henni var halddi niðri af þjálfarateyminu í landsliðsferð til að koma linsunum á sinn stað.

„Mikið rétt, Ásta (Árnadóttir) sjúkrabjálfari, var einmitt að rifja þetta upp skellihlæjandi í síðasta landsliðsverkefni þegar hún og Úlfar voru að aðstoða mig. Þegar ég kom fyrst í landsliðið var ég með gleraugun en Úlfar var fljótur að benda mér á að það gengi ekki og væri í raun hættulegt. Ég fékk mér fljóttlega linsur en var ekki alveg viss hvernig ætti að setja þær í svo að Úlfar og Ásta þurftu að hjálpa mér í fyrsta landsliðsverkefni. Ég man ekki hvort þeirra hélt mér niðri og hvort þeirra setti linsurnar í,“ segir hún kímin.

Telma var aðeins sextán ára þegar hún samdi við Breiðablik árið 2015 og fékk tækifærð sem aðalmarkvörður Blika á síðasta ári, eftir að hafa leikið viða á láni þar áður.

„Pegar ég horfi til baka núna er ég ótrúlega ánægð með hvað ég var þolinmóð og valdi rétt á sínum tíma. Öll þessi ár og lið eiga hlut í þeirri frammistöðu sem ég er að sýna núna,“ segir Telma og segir fjölskyldu sína eiga stóran þátt í velgenginni.

„Auðvitað er ég stolt og um leið mjög þakklát foreldrum mínum og ömmu minni sem studdu við bakið á að flytja suður til þess að komast í betra lið. Það var ekki auðvelt að flytja að heiman sextán ára og alls ekki sjálfgefið, en fyrir vikið er ég ofboðslega þakklát þeim fyrir stuðninginn“ ■

SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSPÁTTUR



Fimmtudaga  
kl. 20.00!

# SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með sína þriðju þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

Fylgstu með alla fimmtudaga kl. 20.00,  
bara á Hringbraut.



DINE OUT

HRINGBRAUT

## Merkisatburðir

- 1626** Péturskirkjan (eða Basilika heilags Péturs) í Vatíkaninu í Róm er vígð af Úrbanius VIII. páfa.
- 1709** Biskupsstofan á Hólum í Hjaltadal brennur til kaldra kola. Barn brennur inni og margir dýrgripir tapast.
- 1863** Kristján IX. konungur Danmerkur, skrifar undir nóvember-stjórnarskrána þar sem Slésvík er lýst hluti af Danmörku. Það leiðir síðan til styrjaldar við Þjóðverja 1. febrúar 1864.
- 1897** Blaðamannafélag Íslands, stéttarfélag blaðamanna og fréttamanna, er stofnað.
- 1902** Morris Michton, leikfangasmíður í Brooklyn, nefnir bangsa **Teddy** í höfuðið á Teddy Roosevelt Bandaríkjaforseta.
- 1905** Karl prins af Danmörku verður Hákon VII., konungur Noregs.
- 1918** Lettland lýsir yfir sjálftæði frá Rússlandi.
- 1920** Séra Matthias Jochumsson skáld deyr, 85 ára að aldri.
- 1978** Fylgjendur Jim Jones og Peoples Temple fremja fjöldasjálfsmorð í Jonestown.
- 2007** 101 námuverka-maður týnir lífi í námuslysí í Úkraínu.



Ástkær faðir okkar, tengdaðir, afi og langafi,

### Einar Pálmar Elíasson

húsasmíðameistari og iðnrekandi, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 15. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Bergsteinn Einarsson  
Örn Einarsson  
Sigrún Helga Einarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Hafdís Jóna Kristjánsdóttir  
Steinunn Fjóla Sigurðardóttir  
Sverrir Einarsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Johanna María Pálmadóttir**  
frá Akureyri,  
Garðatorgi 7, Garðabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði hinn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 23. nóvember nk. kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líknarsjóði Oddfellowreglunnar.

Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu ættingjar viðstaddir. Athöfninni verður streymt á slóðinni:  
<https://www.streyma.is>

Pálmi Matthiasson  
Stefán E. Matthiasson  
Gunnar Rúnar Matthiasson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Unnur Ólafsdóttir  
Ásdís Ólöf Gestsdóttir  
Arnfíður Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

## Hinsta óskin

Við aðstoðum þig við gerð viljayfirlýsingar um útför þína af nærgætni og virðingu – hefjum samtalið.

# Tónlistarhátíðin tileinkuð Róbert og Clöru Schumann

Íslenska Schumannfélagið stendur fyrir tónlistarhátíðinni Seigla sem hefst um helgina.

arnartomas@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Seigla hefst á laugardag og stendur yfir til 12. febrúar. Hátíðin, sem fer fram í Hörpu og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, er haldin af Íslenska Schumannfélaginu sem sækir nafn sitt til þeirra tónelsku hjóna, Róborts og Clöru Schumann.

„Ég félk mikinn áhuga á Schumann-hjónunum þegar faraldurinn skall á, las mér ansi mikið til um þau og stofnadoi félagið upp úr því,“ segir Erna Vala Arnardóttir tónlistarkona, sem stendur fyrir hátíðinni. „Þetta voru algjör tíma-mótahjón sem gerðu svo margt fyrir samfélagið í kringum sig. Þau lifðu fyrir listina og hjálpuðu mikið af ungu tónlistarfólk í kringum sig.“

Robert Schumann fæddist árið 1810 í Þýskalandi og er í seinni tíð talinn eitt fremsta tónskáld rómantísku tímabilins. Kennari hans taldi hann framan af einn efnilegasta pianista Evrópu, en eftir að verða fyrir meiðslum á hönd einbeitti hann sér að tónsmíðum. Robert kvæntist Clöru Wieck árið 1840, sem var sjálf algjört undrabarn í tónlist og varð í karl-lægu umhverfi að einum helsta konsert-pianista síns tíma. Hún var einnig mjög fært tónskáld og við eignum eftir hana magnaðar tónsmíðar. Þau studdu hvort annað á ótrúlegan hátt í gegnum listina, Clara flutti tónsmíðar Róborts út um alla Evrópu og kynnti hann þannig sem tónskáld, en hún var mun betur þekkt en hann á sínum tíma.

„Mér datt í hug að stofna félag til að halda þessari hefð áfram og búa til viðburði til að styðja við menningarsamfélagið á Íslandi,“ segir Erna Vala.

#### Björt rómantík

Við skipulagningu hátíðarinnar óskaði Erna Vala eftir umsóknunum frá tónlistarfólk sem hefði áhuga á verkefninu. Á dagskrá hátíðarinnar ber mikið á kammer- og söngtónlist. „Það er mikið af verkum eftir bæði Clöru og Róbert



Erna Vala fikk áhuga á Schumann-hjónunum í byrjun faraldursins.

MYND/ADSEND

“

Eins og staðan er núna verða að hámarki fimmtíu gestir á opnunartónleikunum svo það er ekkert rosalega mikið af miðum í boði.

Schumann. Dagskráin einkennist svöltið af bjartri og rómantískri tónlist,“ segir Erna Vala. „Eins og staðan er núna verða að hámarki fimmtíu gestir á opnunartónleikunum svo það er ekkert rosalega mikið af miðum í boði. Við stefnum þó að krefjast hraðprófa fyrir tónleika sem verða í Hörpu, til að geta boðið fleiri miða.“

Opnunartónleikar hátíðarinnar fara fram í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á laugardag kl. 20.00 og nefnast Eyrnakonfekt. Fram koma Björk Nielsdóttir, Erla Dóra Vogler, Eyjólfur Eyjólfsson, Hafsteinn Þórólfsson og Eva Þyri Hilmarsdóttir. Þau flytja yndislega dúettu, trió og kvartetta fyrir söng og píanó eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Lögin einkennast af skemmtilegum orðaleikjum og glettni og tónlistin er á léttum nótum, heillandi og falleg. Miða má nálgast á tix.is. ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdaðir og afi,

### Helgi Valtýr Sverresson

Hörðukór 1,

lést á hjúkrunarheimilinu Sléttuvegi þann 8. nóvember síðastliðinn.

Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi, mánudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

Fólk er beðið um að fara í hraðpróf og framvísa neikvæðu prófi við inngang.

**Vilborg Teitsdóttir**  
**Elsí Rós Helgadóttir**  
**Sverre Valtýr Helgason**  
**Dagbjartur Kr. Brynjarsson**  
**Maria Björg Magnúsdóttir**  
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Katla Kristín Ólafsdóttir

húsmóðir,  
áður til heimilis að  
Heiðarhjalla 6, Kópavogi,

lést á dvalarheimilinu Grund, föstudaginn 29. nóvember sl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólk Grundar á deild V-2 fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun þeirra og allra hjálps og stuðningi í gegnum árin. Þeir sem vilja minnast hennar hafi í huga minningarsjóð alzheimersamtakanna. Útför Kötlu hefur farið fram.

Sturla Frostason

Svanborg Þórdís Frostadóttir

Bjarni Frostason

Ólöf Einarsdóttir

Hrafnhildur Peiser

barnabörn og barnabarnabörn.



Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra

### Hrafnkels Kárasonar

vélfræðings,

Suðurlandsbraut 70a, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 29. október síðastliðinn.

**Dröfn Jónsdóttir**  
**Dagný Rúna Hrafnkelsdóttir**  
**Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir**  
**Vigdís Sif Hrafnkelsdóttir**  
**Kári Hrafn Hrafnkelsson**  
afabörn.



Elsku pabbi okkar, sambýlismaður, sonur, bróðir og mágur,

### Ísleifur Birgisson

hljóðtæknirfræðingur,

Grandavegi 3, Reykjavík,

lést 13. nóvember.

Jarðarför verður auglýst síðar.

**Birgir Kjartan Ísleifsson**  
**Ólafur Errir Ísleifsson**  
**Úlfar Alex Euson**  
**Ylfa Sóley Evudóttir Ísleifsdóttir**  
**Eva Björk Úlfarsdóttir**  
**Birgir Ottósson**  
**Helga Fanney Jónasdóttir**  
**Elsa Dóra Ísleifsdóttir**  
**Rúnar Berg Óðvarðsson**

# Miklu meira en bara ódýrt



**ViAir 12V loftdælur í miklu úvali**

Hjólafesting á bíl  
frá 3.995

Viðgerðarkollur  
9.995

Jeppatjakkur 2.25T  
19.999

Viðgerðarbretti  
9.995

Hjólatjakkur 2T m/tösku  
4.795

Vélagálgí 2T  
44.995

Álskóflur  
1.999

Vélastandur 500kg  
9.985

AirBrush loftdæla  
19.995

Búkkar 605mm Par  
9.999

Startkaplar  
frá 1.495

Hleðslutæki 12V 6A  
4.995

frá 795

Mikið úval af verkfæratökum

Steðjar í miklu úvali

Verkfæraskápur á hjólum  
38.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum  
99.999

Vice Multi angle  
6.985

1/2 Toppasett  
7.995

1/4 Toppasett  
3.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk  
14.995

Verkfærasett 108 stk  
5.995

Skrall-lyklar 8-17  
4.995

Fjöltengi í miklu úvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla

Ranamyndavél  
15.995

Bón og bílavörur í miklu úvali

Verðmæta-skápar  
frá 4.995

Lyklabox í miklu úvali

Verkfærasett  
4.995

2xLED kastari á standi  
9.999

Lím-byssur  
frá 995

Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

Myndlistavörur í miklu úvali inn á:

Stigar og tröppur í úvali

Flísasög 80mm  
13.995

Fjölsög Höffttech  
5.999

Rafmagnsvírtalíur í miklu úvali


Súluborvél 350W  
24.995

Silverline Li-ion 18V hleðsluborvél 13 mm  
9.999

Metabo KS216 bútsög  
19.995

SDS Loft höggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Veðurspá Fimmtudagur




Austlæg átt í dag, yfirleitt 5-13 m/s. Rigning eða slydda með köflum á sunnanverðu landinu og snjókoma í uppsveitum. Hiti 0 til 5 stig. Þurr og kalt nordantil framan af degi, en fer að snjóa þar seinnipartinn.

## Æsispennandi ævintýri

„Bókin er auðlesin, framvindan spennandi en ekki ógnvænleg og persónusköpun og heimsuppbygging áhugaverð og vel gerð ... víst að mörg munu bíða spennt eftir framhaldinu.“

Brynhildur Björnsdóttir / Fréttablaðið



Frábær furðusaga fyrir börn og unglings eftir Gunnar Theodór Eggertsson með myndum eftir Fífu Finnsdóttur.

## Skák Gunnar Björnsson

### Hvitur á leik



Fyrsta borð Ítala, Daniele Vocaturo (2.632) lék skelfilega af sér með **32.Hdd4?** í síðasta leik. Norðmaðurinn Johan-Sebastian Christansen (2.582) lét ekki bjóða sér svona tækifæri tvívar!

Svartur lék **32...c5!** og Ítalin lagði niður vopn. Næsti leikur svarts er **33...b5** og hrókurinn fellur! Íslensku liðin standa í stöngu þessa dagana á EM landsliða í Sloveníu.

[www.skak.is](http://www.skak.is): EM landsliða. ■

## Sudoku

	8				3	1	
	9						4
4	1	5	9		2	8	
		8	1		6		
			6	2			
		2		4		3	
	7	6		8			
9							
1	3	8	9	2	7		5

		4	9			7	
5	9				7	2	4
2					5		1
		2		3		1	5
	8						
1			4	6			
9		1	5	9		6	
4	3			8	7		


Brautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lödrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



© Baby Blues Parade Strip © 2016 Scott and Scott LLC

Hvernig var hafnaboltinn  
með stelpunum?  
Geggi-aður!

Við þurftum bara að sleppa því  
að gefa hvert öðru fimmu ...  
af augljósum ástæðum.



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Stelpu-  
bakteríu?

Aldrei hægt að  
vera of verkár.



# EMBRACE CHAOS®



Ímyndaðu þér að vakna, tilbúinn í allt sem lífið hefur upp á að bjóða.

Svefn eykur lífsgæði þín. Hversu vel þú sefur ræður því hversu vakandi og tilbúinn þú ert fyrir það sem lífið býður upp á. Það er á vökutímanum sem þú sannreynir hversu vel þú hefur sofið.

Hästens framleiðir handsmiðuð rúm í hæsta gæðaflokki. Það sem þú finnur þegar gormar,

hrosshár, ullartrefjar, bómull, hör og viður vinna saman er í raun ávöxtur nærrí 170 ára linnulausrar vinnu. Því það er það sem þarf til að leggja grunn að góðum degi. Hästens-upplifun er eins og hlýtt og notalegt faðmlag. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE® | HASTENS.COM



**Hästens**   
since 1852

HÄSTENS VERSLUN  
Faxafeni 5, Reykjavík  
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16  
[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

**Betra  
BAK**



Verk á sýningu Valgerðar.

## Sýningin Kókur eru málverk

kolbrunb@frettabladid.is

Valgerður Ýr Walderhaug opnar sýninguna Kókur eru málverk, málverk eru kókur, í Listasal Mosfellsbæjar á morgun, föstudaginn 19. nóvember. Valgerður er fædd árið 1991 og nýútskrifuð úr framhaldsnámi frá Listaháskolanum í Þrándheimi.



**Valgerður býr til kókuskúlptúra úr gifsi, málningu, sparsli og öðru efni sem gjarnan er notað til listsþóunar frekar en matargerðar.**

Kókur eru málverk, málverk eru kókur, er innsetning með málverkum, skúlptúrum og fundnu efni. Innblástur sýningarinnar er kókur og aðrir eftirréttir, hið gírnilega og ógírnilega og samspil mannsins við umhverfi sitt og neyslumenningu. Valgerður býr til kókuskúlptúra úr gifsi, málningu, sparsli og öðru efni sem gjarnan er notað til listsþóunar frekar en matargerðar. Verkin eru gerð í óreiðukenndu og tilrauna-kenndu ferli þannig að umhverfið minnir á eldhús þar sem allt er á rúi og stúi eftir langa, maniska bökkunarnótt. ■



## Andi Mozarts á tónleikum Víkings

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari heldur þrenna tónleika í Hörpu þar sem hann leikur verk sem eru á plötu hans Mozart & Contemporaries, sem kom nýlega út hjá Deutsche Grammophon.

kolbrunb@frettabladid.is

Tónleikarnir verða á morgun, föstudag 19. nóvember, laugardaginn 20. nóvember og sunnudaginn 21. nóvember.

„Ég mun flytja verk sem eru á nýju plötunni minni sem kom út í haust og vígja glænýjan flygil sem er afmælisgjöf frá ríki og borg til hússins. Ég fór út til Hamborgar í september til að velja hann ásamt Sigurði Kristinssyni, píanostilla-ara Hörpu, og Svanhildi, forstjóra hússins. Þessi flygill bar af öðrum, þetta var ást við fyrstu sýn, nokkuð sem ekki er hægt að útskýra. Það er viðeigandi að í fyrsta sinn sem þetta hljóðfæri hljómar sé það í tónum Mozarts, sem er einhver litbrigða-rikasta tónlist sem samin hefur verið,“ segir Víkingur Heiðar.

### Stærra litróf

Um Wolfgang Amadeus Mozart segir hann: „Mozart er það tónskáld ásamt Bach sem stendur mér næst. Mozart-platan er skyld Bach-plötunni minni að því leytinu til að ég

varð að gera hana. Hún er draumur sem ég gekk með í allmörg ár en tíminn var ekki réttur fyrr en núna.

Mozart er snillingur snillinganna. Þegar ég var sex ára gamall píanónemandi var strax farið að segja mér frá goðsöginni Mozart. Töfratflautan var fyrsta óperan sem ég sá, þá var ég sjö ára. Ég varð hvítur í framan því ég í myndaði mér að Mozart hefði samið þá óperu þegar hann var sjö ára, en hún var eitt síðasta verkið hans.

Svo leik ég á tónleikunum C-dúr sónötuna sem ég lærdi fyrst áttá ára gamall. Þegar ég glímdi við hana fann ég í fyrsta sinn fyrir vanmætti, varð meðvitaður um eigin ófullkomleika sem píanóleikara, en þangað til hafði ég verið hæstánægður með sjálfan mig við hljóðfærið. Hugmyndin um fullkomnum Mozarts hefur ábyggilega haft sitt að segja, en á endanum tók ég blýant og krotaði í bræðiskasti yfir allar nótturnar. Ég var síðan láttinn stroka það allt út en samband mitt við tónlistina hefur sem betur fer stórbatnað síðan.“

Víkingur Heiðar segir að hugmyndin á þak við plötuna og efnisskrána á tónleikunum sé að afbyggja hugmyndina um Mozart sem undrabarn. „Auðvitað var hann ótrúlegt undrabarn en ef hann hefði dáið 25 ára en ekki 35 ára þá væri hann samt ekki Mozart fyrir okkur.

“

**Mozart er það tónskáld ásamt Bach sem stendur mér næst.**

listar,“ segir Víkingur Heiðar. Hann bætir við: „Eitt það leiðinlegasta sem henti okkur er að Mozart skuli hafa dáið svona ungr. Það var svo ótimabær og vond niðurstóða. Það hefði orðið stórkostlegt hefði hann fengið að lifa samhliða Beethoven og þeir verið saman í samtalini. Andi Mozarts var svo langt á undan sínum tíma og það er synd að hann skuli ekki hafa fengið að njóta ávaxtanna af frönsku bytingunni og því hvernig listamaðurinn varð smám saman að frjálsri hetju, en ekki þjóni auðvaldsins. En hann skildi þó eftir mórg fallegustu og áhrifamestu verk sögunnar á þessum 35 árum sem honum voru gefin.“

### Mozartísk gáfa

Tónleikahelgi Víkings hefst hins vegar í kvöld, þegar hann leikur einleik með Sinfóniuhljómsveit Íslands í píanókonsertinum In Seven Days eftir Thomas Adès, eitt fremsta tónskáld í dag sem ég myndi segja að hefði mozartíská gáfu værið það Adès. Það er sannur heiður að fá að bjóða hann velkominn til Íslands og leika þetta einstaka verk með honum, sem er eins konar tónlistarfantasía byggð á sjó dögum sköpunarinnar úr Bibliunni. Hann nær á einhvern ótrúlegan hátt að fanga alheiminn í þessu verki. ■

Brautinnar eru fáanlegar með mjúklökun

**Mikið úrval rennihurðabrauta frá GEZE**

Pýsk gæðavara.

**JARN&GLER**  
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900  
[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

## Rankin og Cleeves á Iceland Noir

kolbrunb@frettabladid.is

Ian Rankin og Ann Cleeves verða á meðal heiðursgesta á alþjóðlegu bókmennnahátiðinni Iceland Noir, sem fram fer í Reykjavík þessa viku. Aðrir heiðursgestir eru Katrín Jakobsdóttir, Eliza Reid, Anthony Horowitz, A.J. Finn, Emelie Schepp, Liz Nugent, Sara Blædel og Shari Lapena.

Alls taka um fimmtíu höfundar þátt í viðburðum á hátiðinni. Umsjón með hátiðinni hafa tveir af stofnendum hennar, Ragnar Jónasson og Yrsa Sigurðardóttir, auk rithöfundanna Evu Bjargar Ægisdóttir og Óskars Guðmundssonar. Á meðal annarra íslenskra höfunda sem fram koma má nefna Friðri Ísberg, Sverri Norland, Kristínu Eiríksdóttur, Gerði Kristnýju,



Ian Rankin er á Iceland Noir.



**Alls taka um fimmtíu höfundar þátt í viðburðum á hátiðinni.**

Mariú Elísabetu Bragadóttur, Sólveigu Pálsdóttur og Kamillu Einarsdóttur. Hátiðin fer fram á Vinnustofu Kjarvals og í Iðnó og má nálgast allar upplýsingar á icelandnoir.is. ■

Mozart er snillingur snillinganna, segir Víkingur Heiðar.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

# BRAGÐGÓÐ OG GIRNILEG HELGARTILBOD

GILDA 18.-21. NÓVEMBER



**979**  
KR/KG

ÁÐUR: 1.999 KR/KG



Wellington nautalund  
**5.249**  
KR/KG  
ÁÐUR: 7.499 KR/KG



Lamba-wellington  
**3.919**  
KR/KG  
ÁÐUR: 5.599 KR/KG

Korean corn dog  
Deighjúpaðar pylsur  
**1.199**  
KR/PK  
ÁÐUR: 1.599 KR/PK



Hangilæri  
með beini  
**1.874**  
KR/KG  
ÁÐUR: 2.499 KR/STK



Lambalæri  
Heilt, frosið  
**1.289**  
KR/KG  
ÁÐUR: 1.899 KR/KG

Hamborgarhryggur  
**1.392**  
KR/KG  
ÁÐUR: 1.784 KR/KG



Kalkúnaleggir  
Ísfugl - lausfrystir  
**465**  
KR/KG  
ÁÐUR: 929 KR/KG



Hörfraölía  
Änglamark - 250 ml  
**509**  
KR/STK  
ÁÐUR: 679 KR/STK



Ananas  
Ferskur  
**265**  
KR/KG  
ÁÐUR: 378 KR/KG

Bláber  
125 g  
**374**  
KR/ASKJAN  
ÁÐUR: 498 KR/ASKJAN



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ  
SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-  
appið í öllum verslunum Nettó.



Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vörur úrval getur verið breytilegt milli verslana.

**nettó**  
Lægra verð - léttari innkaup

# Jólagjafir og fjársjóðir fást uppi á háalofti

BÆKUR

**Rauð viðvörun: Jólin eru á leiðinni**

**Sigrún Eldjárn**  
Útgefandi: Mál og menning  
Fjöldi síðana: 59

Brynhildur Björnsdóttir

Sigrúnu Eldjárn þarf ekki að kynna fyrir þeim sem þekkja eitthvað til íslenskra barnabóka. Hún hefur verið óþreytandi að deila sögum, fyrst í myndum en svo bæði myndum og orðum undanfarna fjóra áratugi, börnum og foreldrum til ómældrar gleði. Jólin hafa ekki farið varhluta af frásagnargleði Sigrúnar, en jólabókin um Kugg og Málfriði er jólafasti á mórgum heimilum auk þess sem hún skrifaði handritið að jóladagatali Sjónvarpsins árið 1991, Stjörnustrákur, sem hefur verið endursýnt nokkrum sinnum síðan og svo gerði hún einnig jóladagatal Borgarbókasafnsins árið 2016.

Rauða viðvörun má eiginlega bæði nýta sem jóladagatal og sögu, því henni er skipt í 24 kafla sem lýsa vegferð systkinanna Jóla og Lóu í jólagjafaleit handa fjölskyldu og vinum. Þau eiga enga peninga og bregða því á það ráð að leita að gjöfum uppi á háalofti, þar sem er að finna alls kyns fjársjóði sem allir hafa gleymt. Þessi háaloftsfærð er þó að sjálfögðu bara byrjunin á ævintýrum þeirra.

Þessa bók prýða flest aðalsmerki Sigrúnar Eldjárn sem barnabókahöfundar. Hún er fyndin, hrein og bein, skrýtnar, skemmtilegar og hvatvisar hugmyndir drífa sögupráðinn áfram og þó söguheimurinn sé yfirleitt hefðbundinn og í tengslum við raunveruleikann, fær téður raunveruleiki alls ekki að hefta flæði frásagnarinnar heldur verða alls kyns dularfullir og óútskýrðir atburðir hluti af sögunni algerlega áreynslulaust og án þess að trufla fram vinduna nokkuð frekar. Sögur Sigrúnar lúta lögmál-



má ekki gleyma að minnast á boðskapinn um að það þarf ekki alltaf að kaupa eitthvað nýtt í jólagjöf sem síðan endar uppi á háalofti, það má finna eitthvað í eigin fórum sem gæti nýst einhverjum öðrum, eða búa til listaverk með því að setja gamalt í nýtt samhengi. Sem er kannski einmitt raunin með þessa bók, hér eru kunnuglegir taktar Sigrúnar komnir í nýtt samhengi jóladagatals, börnum þessa lands til leiks og gleði. ■

**NIDURSTADA:** Ekta Sigrúnar Eldjárn-bók sem segir nákvæmlega allt sem segja þarf.

“

Þessa bók prýða flest aðalsmerki Sigrúnar Eldjárn sem barnabókahöfundar.



**RUBIX Ísland**  
Opíð mán - fim 8-17 og fös 08-16  
Dælvegi 32a Kópavogi, sími 522 6262

**SJÁÐU ÚRVALIÐ AF VINNUFATNADI, IDNAÐAR- OG REKSTRARVÖRUM Á IS.RUBIX.COM**

**RUBIX**



Ágústa Kristófersdóttir er annar sýningarstjóri sýningarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Breið sýn á afar fjölhæfan og merkilegan listamann

Lengi skalmanninn reyna, yfirlitssýning á verkum eftir Þorvald Þorsteinsson í sýningarstjórn Ágústu Kristófersdóttur og Guðrúnar Pálínu Guðmundsdóttur, stendur yfir í Hafnarborg. Sýningin er unnin í samstarfi við Listasafnið á Akureyri og eignasafn Þorvaldar Þorsteinssonar.

kolbrunb@frettabladid.is

„Við erum að tefla saman verkum sem Þorvaldur gerði áður en hann fór út í nám, þekktum verkum frá ferli hans og síðan verkum sem voru á vinnustofu hans í Belgíu og hafa verið flutt heim á síðustu misserum. Hér fæst því breið sýn á Þorvald og verk hans,“ segir Ágústa.

### Töfrar í myndlist

Spurð hvað hafi einkennt Þorvald sem listamann segir Ágústa: „Hann var gríðarlega fjölhæfur. Hann var ekki bara myndlistarmaður heldur ekki síður leikhúsmaður og rithöfundur og fyrir marga sem kynntust honum var hann mjög mikilvægur kennari og nánast leiðtogi.

Hann var dráttthagur, sniðugur og hugmyndaríkur og var einnig mikill sögumaður. Í mörgum verka hans er frásögnin lykilatriði, sem getur verið bæði innri frásögn í verkinu sjálfsu en ekki síður frásögnin sem verður til þegar stefnumótíð á milli áhorfandans og verksins á sér stað. Töfrarnir í myndlistinni gerast þegar áhorfandinn mætir verkinu, þá skapast eitthvað nýtt. Þetta gerist óverkum Þorvaldar.“

Ágústa segist hafa sérstakar taugar til verksins Fyrribænastöll. „Þetta verk var síðast sett upp árið 2004 í Listasafni Reykjavíkur og samanstendur af stóll og mottu. Haft var samband við ýmis trúfélög á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst nunnurnar í Karmelklastrinu í Hafnarfirði, sem biðja fyrir manneskjunni sem sest í stólinn. Það getur verið áhrifaríkt að setjast í þennan stól.“

### Stórkostleg gjöf

Á sýningunni má sjá ýmislegt sem Þorvaldur skildi eftir sig. „Hér eru til dæmis skissubækur sem eru þess virði að skoða. Líka hluti af þeim bókum sem hann skrifaði gegnum tíðina. Síðan er hægt að skoða smáverk, vatnslitaverk, klippimyndir og skissur.“



Verkið Mariur er af myndum af konum í Hafnarfirði sem bera nafnið María.

“


Hann var ekki bara myndlistarmaður heldur ekki síður leikhúsmaður og rithöfundur og fyrir marga sem kynntust honum var hann mjög mikilvægur kennari og nánast leiðtogi.

Þorvaldur gerði sjálfur yfirlit þar sem hann setti saman frásagnir af eigin verkum en hann hafði einstakan hæfileika til að tala um verk sín og lýsa þeim. Hluti af þeim verkum sem við erum að setja upp hér er bara til sem hans fyrirmæli og þar sem þau eru auðskiljanleg þá er auðvelt að fylgja þeim,“ segir Ágústa.

Verkið Eftirlýstur verður gert á sýningartímanum. Verkið var sett upp í Rúmeníu á sínum tíma og síðan í Reykjavík 2004. „Skólanemendur koma hingað og fá að búa til auglýsingu þar sem Hafnarfjardarbær lýsir eftir einstökum hæfileikum þeirra. Þetta verk er dæmigert fyrir Þorvald sem hafði mikinn áhuga á fólk og vildi að fólk næði að virkja hæfileika sína. Ritlistarnámskeið hans nutu þess til dæmis mjög að hann hjálpaði fólk að finna sína eigin hæfileika, sem er stórkostleg gjöf,“ segir Ágústa. ■

# HAMINGJU- ÓSKIR!

Við óskum Arnaldi Indriðasyni  
innilega til hamingju með verðlaun  
Jónasar Hallgrímssonar 2021!



**Synir duftsins**  
**Dauðarósir**  
**Napóleonsskjölin**  
**Mýrin**  
**Grafarþögn**  
**Röddin**  
**Bettý**  
**Kleifarvatn**  
**Vetrarborgin**  
**Konungsbók**  
**Harðskafi**  
**Myrká**  
**Svörtuloft**  
**Furðustrandir**  
**Einvígið**  
**Reykjavíkurnætur**  
**Skuggasund**  
**Kamp Knox**  
**Þýska húsið**  
**Petsamo**  
**Myrkrið veit**  
**Stúlkan hjá brúnni**  
**Tregasteinn**  
**Þagnarmúr**  
**Sigurverkið**



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

# Í kvöld á Hringbraut



## Ég er bara venjulegur gæi

Loksins rýfur Guðmundur Marteinsson þögnina og mætir í myndver til að segja sögu sína, en alger tilviljun réði því að hann réðst til Bónuss fyrir 30 árum og varð þar framkvæmdastjóri nokkrum árum eftir að hann var að raða þar í hillur. Hann segir frá ævintýralegri velgengni Bónuss, galdrinum þar að baki og gerir óspart grín að sjálfum sér, en bréf í firmanu hækkuðu hvað mest þegar hann tilkynnti að hann ætlaði að hætta, sem hann gat svo ekki á endanum.

EKKI MISSA AF **Mannamáli** í kvöld kl. 19.00 og aftur kl. 21.00, bara á Hringbraut

Fylgstu með!

## DAGSKRÁ

18. nóvember 2021 FIMMTUDAGUR

# Fimmtudagur

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.  
19.00 **Mannamál - Guðmundur Marteinsson** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðpekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.  
19.30 **Suðurnesja-magasin Víkurfréttá** Mannlíf Íslenskumanns og íþróttirnar á Suðurnesnum.  
20.00 **Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúru og margt fleira.  
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.  
21.00 **Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.

## RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi  
13.10 Kastljós  
13.25 Menningin  
13.30 Útsvar 2007-2008 Ísafjarðarbær - Akranes.  
14.30 Fjársjóður framtíðar Stórbrotin náttúra og refur.  
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988  
15.55 Gulli byggir  
16.00 Popppunktur 2010 Úrslitabátturinn  
17.00 Sporið  
17.30 Landinn  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Holly Hobbie  
18.24 Lúkas í mórgum myndum  
18.31 Áhugamálið mitt  
18.40 Matargat Hollar nammikúlur.  
18.45 Krakkafréttir  
18.50 Lag dagsins  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.05 Okkar á milli  
20.40 BMX - að duga eða drepast Docstop. BMX - do or die Finnskur þáttur um BMX-gengi frá Kotka sem tekst á við hættulegar áskoranir á hjólum.  
21.00 Klofningur The Split  
22.00 Tiufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Úlfur, Úlfur Ulven kommer Leiknir þáttir um félagsráðgjafa sem hefur aðeins nokkrar vikur til að átta sig á því hver segir satt og hver ekki í fjölskyldu sem mögulega býr við alvarlegt ofbeldi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.  
23.20 Ófærð  
00.10 Dagskrálok

## Stöð 2 Golf

- 07.00 European Tour Bein útsending frá DP World Tour Championship.  
13.00 European Tour 2019 Útsending frá DP World Tour Championship.  
15.35 2021 PGA Tour Champions Learning Center  
16.00 European Tour 2021 - Highlights  
16.25 The Hero Challenge 2021 - Behind the Scenes  
17.00 PGA Tour Bein útsending frá The RSM Classic.  
20.00 PGA Tour. The Cut 2021  
20.25 European Tour 2020 Útsending frá DP World Tour Championship.

## Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil  
13.15 The Late Late Show  
14.50 Best Home Cook  
15.50 Extreme Makeover. Home Edition  
16.50 The King of Queens  
17.10 Everybody Loves Raymond  
17.35 Dr. Phil  
18.20 The Late Late Show  
19.35 Áskorun Áskorun er í umsjón Gunnlaugs Jónssonar, knattspyrnu- og dagskrágerðarmanns.  
20.10 The Unicorn  
20.10 Heil og sæl? Léttir, skemmtilegir og fræðandi þættir um heilsu og lífsstíl íslenskra kvenna.  
21.20 The Resident  
22.10 Walker  
22.55 The Twilight Zone (2019)  
23.45 The Late Late Show  
00.35 Dexter  
01.20 Stella Blómkvist Glæný íslensk þáttaröð. Stella Blómkvist er lögfræðingur sem tekur að sér erfið mál og vílar ekki fyrir sér að beita brögðum til að fá sínu frambengt.  
02.05 Yellowstone  
02.50 The Handmaid's Tale  
03.40 Agents of S.H.I.E.L.D  
04.25 Tónlist

## RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins  
06.50 Morgunvaktin  
07.00 Fréttir  
07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morganfréttir  
08.30 Fréttayfirlit  
09.00 Fréttir  
09.05 Segðu mér  
09.45 Morganleikfimi  
10.00 Fréttir  
10.03 Veðurfregnir  
10.13 Á reki með KK  
11.00 Fréttir  
11.03 Mannlegi þátturinn  
12.00 Fréttir  
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti  
12.20 Hádegisfréttir  
12.42 Hádegið  
13.00 Dánarfregnir  
13.02 Samfélagið  
14.00 Fréttir  
14.03 Sankti Maria, sestu á stein  
15.00 Fréttir  
15.03 Flakk  
16.00 Síðdegisfréttir  
16.05 Viðsjá  
17.00 Fréttir  
17.03 Lestin  
18.00 Spegillinn  
18.30 Hljómboxið Porir þú að keppa?  
18.50 Veðurfregnir  
18.53 Dánarfregnir  
19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal  
19.30 Sinfóniutónleikar  
22.00 Fréttir  
22.05 Veðurfregnir  
22.10 Samfélagið  
23.05 Lestin

## Stöð 2 Bíó

- 12.40 Lego DC. Batman - Family Matters  
13.55 Dater's Handbook  
15.20 The Night Is Young  
16.50 Lego DC. Batman - Family Matters  
18.05 Dater's Handbook  
19.30 The Night Is Young  
21.00 The Way Back  
22.45 Galveston  
00.15 Light of my Life  
02.10 The Way Back

## Stöð 2


- 07.55 Heimsókn  
08.20 The Mentalist  
09.05 Bold and the Beautiful  
09.25 Gossip Girl  
10.05 Gilmore Girls  
10.50 Ísskápastríð  
11.25 Friends  
11.50 Dýraspítalinn Frábær íslensk þáttaröð í umsjón Heimis Karlssonar. Við fylgjumst með eldklárum dýralæknum leysa hin ýmsu vandamál sem upp koma hjá fjölskylduvinum okkar þar sem baráttan er stundum upp á líf og dauða.  
12.10 Friends  
12.35 Nágrannar  
12.55 The Office  
13.15 McMillions  
14.10 Modern Family  
14.30 X-Factor. Specials - All stars  
15.55 Home Economics  
16.15 Allt úr engu  
16.45 Drew's Honeymoon House  
17.35 Bold and the Beautiful  
18.00 Nágrannar  
18.26 Veður  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.50 Sportpakkinn  
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.  
19.10 Samstarf  
19.30 Temptation Island  
20.15 Curb Your Enthusiasm  
20.55 NCIS  
21.40 Chucky  
22.40 Real Time With Bill Maher  
23.40 Ummerki  
00.05 The Sinner  
00.55 The Pact  
01.55 Professor T  
02.45 La Brea Hörkusennandi ævintýrapáettir frá 2021.  
03.25 Castle Rock

## Stöð 2 Sport

- 07.45 Stjarnan - FH Útsending frá leik í Olís-deild karla.  
09.10 Seinni bylgjan  
10.25 Norðuráslmótíð  
11.15 Breiðablik - Þór Þ. Útsending frá leik í Subway-deild karla.  
12.55 Valur - ÍR  
14.35 Tilþrifin  
15.20 KR - Stjarnan  
17.00 Subway Körfuboltakvöld karla  
18.05 Njarðvík - Breiðablik Bein útsending frá leik í Subway -deild karla í körfubolta.  
20.05 Stjarnan - Tindastóll Bein útsending frá leik S í Subway-deild karla í körfubolta.  
22.00 Tilþrifin  
22.45 Njarðvík - Breiðablik  
00.25 Stjarnan - Tindastóll

## Stöð 2 Sport 2

- 07.00 Mörkin í undankeppni HM  
07.50 Ensku bikarmörkin  
08.20 Fréttapáttur Meistara-deildarinnar  
08.45 Gran Canaria - Baskonia  
10.20 Mörkin í undankeppni HM  
11.10 Stockport - Bolton  
12.50 Washington Football Team - Tampa Bay Buccaneers  
15.10 Green Bay Packers - Seattle Seahawks  
17.30 Lokasóknin  
18.30 NFL Gameday  
19.00 CME Group Tour Championship Bein útsending frá CME Group Tour Championship.  
22.00 The Fifth Quarter  
22.15 NFL Gameday  
22.45 LA Lakers - San Antonio Spurs  
00.25 The Fifth Quarter



Beltone Imagine™

Nytt heyrnartæki  
frá Beltone

# Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur



Pó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine™** geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone **Imagine™** – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • [heyra.is](http://heyra.is)

HEYRNARSTÖÐIN






Egilsstaðir – Ringo Starr

Atlavík 1984. Úr er skrifin um þá verslunar-mannahelgi enda var heiðurshestur hátiðarinnar trymbillinn og Bitillinn Ringo Starr sem kom með eiginkonu sinni, fyrirverandi Bond-stúlk-unni Barðöru Bach. Hann ætlaði ekkert að spila en létt tilleidast og spilaði með Stuðmönnum. Starr kom til landsins með einkapotu sem þá þótti algjör nýlunda og sátu fjölmörlar um hann við hvert fótumál. Bogi Ágústsson fékk meira að segja viðtal við kappann.



Akureyri – Jeremy Lin

Körfuboltastjarnan Jeremy Lin stoppaði við á Íslandi árið 2016 og spilaði meðal annars körfubolta við Július Orra Ágústsson, sem þá var 14 ára. ESPN fjallaði um heimsóknina enda var sannkallað Linsanity-æði í Bandaríkjunum. Kast-ljós alheimssins beindist að Akureyri. Heiðursborgarinn Lin yrði ekki mikið deilumál fyrir norðan – svo mikið er víst.



Mosfellsbær – Patrick Mahomes

Patrick Mahomes, leikstjórnandi Kansas City Chiefs, skrifin undir einn stærsta samning i sögu NFL en hann fær um 70 milljardar fyrir að vera áfram hjá liðinu. Mahomes bjó í Mosfellsbæ sumarið 2017 þegar kærasta hans, Brittany Matthews, lék með liði Aftureldingar/Fram í 2. deild kvenna í fótbalta. Hann fékk lánaðan bíl til að ferðast á milli og gisti í sófanum hjá Sigurbjarti Sigurjónssyni og Sigrúnun Gunndís.

## Aðrir sem koma til greina

Grindavík – Floyd Mayweather

Reykjavík – Kardashian-fjölskyldan

Laugarvatn – Zac Efron

Ísafjörður – Mick Jagger

# Heiðursborgarar án vandræða

Eins og Fréttablaðið fjallaði um í gær er deilt um lögmæti heiðursborgara á Húsavík. Þar fékk Molly Sanden heiðursborgar-titilinn sem ekki allir eru ánægðir með. Fréttablaðið tók saman nokkra Íslandsvinum sem gætu orðið heiðursborgarar án vesens.

benediktboas@frettabladid.i



Siglufjörður – Dan Brown

Metsöluhöfundurinn Dan Brown sem skrifin meðal annars The Da Vinci Code, hefur verið merkilega tiður gestur á Íslandi og yfirleitt á Siglufjörði. Myndin sem hann birti á Facebook af umferðaröngþveiti sem hann leiti í þegar geitur skottuðust yfir veginn, fór sem eldur í sinu um heim Internetsins og kom Siglufjörði á kort ferðamanna. Hann fékk síðan Ragnar Jónasson kollega sinn til að hitta sig á Siglufjörði og birtu þeir félagar góða mynd af sér saman. Það yrði sómi Siglufjarðar að gera hann að heiðursborgara.



Stokkseyri – Dave Grohl

Hljómsveitin Nirfisk á Stokkseyri vissi ekki alveg hvaðan á hana stóð veðrið þegar sjálfur Dave Grohl bankaði upp á í æfingahúsnæði sveitarinnar á Stokkseyri árið 2003. Grohl var þar með öðrum meðlimum Foo Fighters að borða á veitingastaðnum Við fjöruborðið, þegar hann heyrði 15-16 ára gutta glamra á hljóðfærin. Settist við trommusettíð og spilaði nokkur lög. Degi síðar stóð svo hljómsveitin á stóra svíðinu í Laugar-dalshöll og hitaði upp fyrir Foo Fighters.




Reykjavík – Led Zeppelin

„We come from the land of the ice and snow. From the midnight sun where the hot springs flow.“ Línurnar ódaðulegu í laginu Immigrant song, sem fæddust eftir tónleika hér á landi, eru nóg til að gera þá alla að heiðursborgurum. Þó að Reykvíkingar geti suðað og tuðað yfir nánast öllu þá er enginn sem myndi mótmæla þessu, enda eitt besta lag allra tíma.



Vestmannaeyjar – Gordon Ramsay

Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsay hefur oft komið til Íslands en hann gerði Eyjum hátt undir höfði þegar hann fór að veiða lunda árið 2007, fyrir þátt sinn The F Word. Alls hefur 21 milljón manna horft á myndbandið á YouTube og myndi kokkurinn sóma sér vel sem heiðursborgari Eyjamanna, sem flestir eru grjótharðir ólátabelgir og blóta allhressilega, eins og kokkurinn.



Hvolsvöllur – Ed Sheeran

Íslandsvinurinn Ed Sheeran tók sér ársfri árið 2016 og heimsótti alls konar staði um allan heim. Hann greindi frá því í þætti Ellenar árið 2017 og The Graham Norton Show, að hann hefði komið til Íslands til að halda upp á 25 ára afmælið sitt og greindi Vísir frá því að hann hefði fagnað því í Gamla fíosinu undir Eyjafjöllum. Þaðan var haldið í þyrluferð að hverasvæði þar sem hann brenndi sig nokkuð illa á fæti þegar hann fór út fyrir merkt svæði. Fréttablaðið álitur að hann hafi brennt sig við Brennisteinsöldu, en hann sagðist hafa jafnað sig í næsta bæ sem er þá Hvolsvöllur.



Vopnafjörður – Jim Ratcliffe

Kannski yrði eitthvað deilt um heiðursborgaraútnefninguna alls staðar annars staðar en á Vopnafjörði, en Ratcliffe hefur dælt fjármunum í Austurland – allt til að vernda lax og lífríki. Ratcliffe hefur verið stórtækur í að kaupa jarðir á Vopnafjörði og samkvæmt þættinum Kveik á hann 24 jarðir þar.

Múrefni ehf. og Vínylparket.is  
hafa sameinast undir nafninu



# Fagefni

„Við tökum vel á móti þér og finnum réttu  
efnin í verkið eða glæsileg gólfefni“




Fagefni

Fagefni.is


## Allra best

### Bókin

Sagan Hýperion eða einfarinn á Grikklandi



Sagan Hýperion eða einfarinn á Grikklandi, eftir þýska skáldið Friedrich Hölderlin er komin út í afar vandaðri þýðingu Arthúrs Björgvins Bollasonar. Hýperion er eina prósa-verkið sem Hölderlin lauk við. Það er þroskasaga ungs manns á 18. öld og gerist á Grikklandi. Textinn er ljóðrænn, innblásinn og grípandi og afar fallegur. Verkið er óður til fegurðarinnar, náttúrunnar og hinnar sönnu ástar – og á því alltaf erindi. Allir fagurkerar munu hrifast, enda er Hýperion verk sem er gimsteinn. Harðhausar heimsins, sem eru of margir, hafa síðan verulega gott af því að kynnast sannri rómantík.



### Tónlistin

Víkingur Heiðar og Mozart

Tveir snillingar koma saman í Höru á föstudag, laugardag og sunnudag, þegar Víkingur Heiðar spilar Mozart. Tónleikar Vikings Heiðars eru alltaf upplifun og tónlist Mozarts færir alla, líka guðleysingjana, nær guðdónum. Hvað getur verið betra? Víkingur Heiðar leikur þarna verk sem eru á nýúkomnum geisladiski hans, Mozart & Contemporaries, þannig að verkanna má ekki einungis njóta í tónleikasal heldur einnig heima á fóninum eða í spilaranum. Að þessu sinni hefur Harpa það forskot að Víkingur Heiðar mun á tónleikunum, milli þess að leika verk, segja gestum frá Mozart og tala af innlifun, eins og hann gerir ætið þegar hann ræðir um tónlist.



### Sjónvarp

Arfleifð rómantísku stefnunnar

Arfleifð rómantísku stefnunnar er heimildabáttaröð frá BBC sem RÚV sýnir á mánudagskvöldum. Simon Schama fjallar þar um rómantísku stefnuna og skoðar hvernig áhrifa hennar gætir enn í dag.

Í fyrsta þættinum komu meðal annars við sögu skáldið Shelley og kvenréttindafrömuðurinn Mary Wollstonecraft. Gríðarlega fróðlegir og skemmtilegir þættir sem enginn ætti að missa af. Og mikil er gott að vita til þess að ekkt hafi drepið rómantíkina, sem er elif.



Jessica í hekluðum kjól sem gerður er frá grunni eftir fyrirmundu Elsa prinsessu í Frozen. MYND/ADSEN

## Eyddi heilum 446 klukkustundum í að hekla Frozen kjól Önnu prinsessu

Hin fransk-breska Jessica Anne Chambers er hugbún-aðarverkfraðingur hjá CCP og heklar Disney búninga í hjáverkum.

svavamarin@frettabladid.is

„Nýjasti búningurinn minn er kjóll Önnu í Frozen, sem tók mig um 446 klukkustundir að hekla,“ upplýsir Jessica stolt um nýjustu viðbótina í heksafnið.

Jessica segir þetta eingöngu áhugamál og að hún hekli búningana á sjálfá sig. „Ég er ekki að selja þá en ég bý einnig til uppskriftirnar af búningunum sem fólk getur nálgast ef það vill,“ segir hún.

Fyrsti búningurinn sem Jessica gerði var Litla hafmeyjan og eru búningarnir flestir í anda Disney. „Ég vann meðal annars til verðlauna sem eftirlæti dómara í búningakeppni sem fór fram í Frakklandi og klæða þáttakendur sig upp sem persónur í kvíkmyndum, myndasögum og sjónvarpsþáttum,“ segir Jessica stolt.



Jessica hreint glæsileg í hekluðum kjól Önnu, prinsessu úr Frozen.



Jessica í eigin búningi Daphne úr Scooby Doo teiknimyndaþáttunum.

“

Ég vann meðal annars til verðlauna sem eftirlæti dómara í búningakeppni í Frakklandi

Jessica flutti til Íslands í maí í fyrra ásamt kærasta sínum og ketti. Hún kynntist Íslandi þegar hún var í starfsnámi hérlandis árið 2018 og heillaðist af landi og þjóð.

„Ég gat ekki beðið eftir að koma aftur að námi loknu,“ segir Jessica sem er yfir sig hrifin af Íslandi.

### Hvergi nærri hætt

Nýjasti búningurinn frá Jessica sem er í vinnslu er Skellibjalla úr kvíkmyndinni Pétur Pan. Aðrir búningar sem hún hefur gert eru kjólar Elsa og Önnu úr Frozen og Bangsímon.

## Hrognkelsi en ekki lúða á hundraðkallinum

### Sérfræðingurinn



**Björn Björnsson**

fiskifræðingur

Fréttablaðinu varð það á í gær að kalla fiskinn á 100 krónu penningnum lúðu í staðinn fyrir gráleppu. Ritstjórn var bent á mistök sín af glöggi lesanda og hafði blaðamaður því samband við undirritaðan starfsmann á Hafrannsóknastofnun til að gera grein fyrir muninum sem er á þessum tveimur fiskategundum.

Lúða er stærsta flatfiskategund á Íslandsmiðum, dökk á efri hlíðinni og ljós á þeiri neðri. Lúðan er botnfiskur sem lifir á öðrum

### Skaut Árna ref fyrir rass

Einu sinni voru hundrað krónur bara til í seðlaformi. Frá árinu 1981 prýddi Árni Magnússon seðilinn. Árið 1995 varð breyting þar á og kom þá út mynt með langfrægustu lúðu landsins.



Úr blaði gærdagsins. Epli og appelsína, sagði einn fiskifræðingur um málið.

fiskum og hrygnir á miklu dýpi. Unglúðan lifir í grunnu vatni nærri landi en heldur síðan út á meira dýpi. Lúðan getur orðið gömul og afar stórv. Stærsta lúða sem veiðist hefur við Ísland var 365 cm löng

og 266 kg. Lúðustofninn við Ísland er um þessar mundir mjög lítill og beinar veiðar á lúðu bannaðar.

Hrognkelsi er klunnalegur fiskur með stuttan haus og mjög þykkt roð sem kallast hvelja, sem

“

Hrognkelsi er klunnalegur fiskur með stuttan haus og mjög þykkt roð sem kallast hvelja.

þakin er smáum beinkörtum, en á kviðnum er stórvogskál. Hrognkelsið er grænleitir uppsjávarfiskur sem gengur að ströndinni þegar hann verður kynþroska og breytir þá um lit. Kerlingin, sem nefnist grásleppa, er oftast 35-54 cm á lengd, en karlinn, sem nefnist rauðmagi, er oftast 28-40 cm langur. Grásleppan er veidd vegna hrognanna.

# MEST SELDU!

## LOK, LOK OG LÆS eftir Yrsu Sigurðardóttir

### BEINT Á TOPPINN!

„Langar dimmar nætur Íslands eru ógnvænlegastar í spennusögum Yrsu Sigurðardóttur.“


Financial Times

„Yrsa trónir á toppnum í hópi norrænna glæpasagnahöfunda.“

Sunday Times

„Yrsa skrifar alltaf frábærar bækur.“ ★★★★☆

Politiken  
(um Aflausn)




1.

Metsölisti  
Eymundsson  
Allar  
bækur

3.

Metsölisti  
Eymundsson  
Innbundin  
skáldverk



## ÚTI eftir Ragnar Jónasson

### „GEIRNEGLIR LESANDANN!“

„Ógnvekjandi andrúmsloft.“

KB, Kiljunni



SG, Morgunblaðið


„Geirneglir lesandann frá fyrstu síðu. Engin leið  
að leggja bókina frá sér.“

BP, Fréttablaðinu

Mest selda íslenska skáldverkið  
skv. Bóksölulistanum

# Metsölisti

Vikuna 10. - 16. nóvember



1 Lok, lok og læs  
Yrsa Sigurðardóttir



2 Sigurverkið  
Arnaldur Indriðason



3 Jól á eyjahótelinu  
Jenny Colgan



4 Úti  
Ragnar Jónasson



5 Lára bakar  
Birgitta Haukdal



6 Lára lærir á hljóðfæri  
Birgitta Haukdal



7 Sextú kíló  
af kjaftshögum  
Hallgrímur Helgason



8 Konan hans Sverris  
Valgerður Ólafsdóttir



9 Heima hjá læknum í eldhúsini  
Ragnar Freyr Ingvarsson



10 Rauð viðvörðun -  
Jólin eru á leiðinni  
Sigrún Eldjárn



Eymundsson

38 Lífið

FRÉTTABLAÐID

18. nóvember 2021 FIMMTUDAGUR



Fokkið er eitt besta dæmið um blótsyrði sem hefur náð miklu alþjóðlegum vinsældum víða.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## Töllum ekki um að pissa á grafir mæðra heldur djöfla

Helga Hilmisdóttir skipuleggur nú alþjóðlegt málþing um blótsyrði í Reykjavík í upphafi desember. Hún segir blótsyrði geta verið valdeflandi og heilmikill munur á orðum milli landa.

odduraevr@frettabladid.is

Helga er rannsóknardósent á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar og í löngum titlinum er vísbending um áhuga hennar á blótsyrðum. „Þau eru helvítí heillandi,“ segir Helga hlæjandi.

Málþingið fer fram 2.-3. desember og stendur alþjóðlegi hópurinn Swearing in Scandinavia að því. „Þetta er þverfaglegur hópur,“ útskýrir Helga, en í hópnum eru meðal annars málfræðingar, sálfræðingar og bókmenntafræðingar. „Við höfum hist sex sinnum áður og þetta er í sjóunda sinn. Þetta er fólk frá Norðurlöndum, Bandaríkjum, Bretlandi og fleiri stöðum.“

### Fokkið er víða

Helga segir blótsyrðin stórmerkilegt fyrirbæri, sem breytist með tíð og tíma. „Ármann Jakobsson, einn af okkar lykilfyrirlesum, mun meðal annars velta því upp hvernig blótsyrði voru á tímum fyrir kristni, í Njálu. Þá voru náttúrulega ekki til orð eins og „helvítis“ og „djöfulsins“ segir hún.

“

Sunnar í álfunni er meiri hefð fyrir því að tala um hluti eins og: „Ég skal míga á gróf móður þinnar“.



Helga Hilmisdóttir

Aðspurð út í alþjóðlegan áhugann segir Helga: „Þetta er spennandi í öllum tungumálum. Það er heilmikill munur á milli landa en alþjóðlegir straumar að sjálfsgöðu. Fokkið er víða,“ segir Helga. Hún segir aukna fólksslutninga hafa haft áhrif á blótsyrðin.

„Þeir hafa orðið til þess að fólk er farið að ódrúvísí,“ segir Helga og segir fjölbreytnina hafa aukist. Mikill munur sé á því hvernig blótað sé í norðanverðri Evrópu og sunnanverðri álfunni.

„Þá á ég við orðalagið. Sunnar í álfunni er meiri hefð fyrir því að tala um hluti eins og: „Ég skal míga á

### Uppáhaldsblótsyrði Helga Hilmisdóttur

„Ég er nú frekar dönnuð. Ég hef aldrei verið mikið fyrir að blóta. En ég er nú mest fyrir, ef ég virkilega þarf á því að halda, að nota þessi þrjú barna sem ég tvinna saman; Helvítis, djöfulsins, andskotans (hlær). Mér finnst svona mestri kraftur í því, fyrir mitt leyti. Ég er þinu gamaldags.“

gróf móður þinnar“, sem er eitthvað sem við myndum ekki segja á norðlægri breiddargráðum. Við tölm frekar um helvítí og djöfulin. Svo eru náttúrulega þessi orð sem tengjast hægðum og kynlifi.“

### Styrkur í blótinu

Helga segir ljóst að það hve oft fólk blóti sé persónubundið. „Folk annað hvort venur sig á að blóta eða blóta ekki. Þetta er náttúrulega ein leið til þess að losa um spennu og deyfa sársauka eða fá meiri styrk,“ segir Helga og heldur áfram:

„Einn sálfræðingur í hópnum ætlar að fjalla um það hvernig blótsyrði hafa áhrif á líkamssþyrk. Fyrir aukinn kraft getur hjálpað að segja „fokking hell“ og svo lyftir maður 200 kílóum,“ skýtur Helga inn í að lokum. ■

## Við vitum ekki neitt en vitum allt

### Hvað er að frétt?

odduraevr@frettabladid.is



„Það gæti verið að við séum of ritkskoðuð í dag, bannig að ég segi þetta bara án þess að vita hvað ég er að fara að segja.“

Mér finnst eins og það sé svolitið mikið af rugli í lífinu og þá er

“

Mér líður eins og ef við erum öll dugleg að vinna í okkur sjálfum þá hægt og rólega verði hlutir betri.

Gaukur Grétuson

mikilvægt, ef þú ert á slænum stað, að koma þér á betri stað, ef þú ert á góðum stað, að halda þér þar eða jafnvel koma þér á enn betri stað.

Mér líður eins og ef við erum öll dugleg að vinna í okkur sjálfum þá hægt og rólega verði hlutir betri.

En kannski bara að anda aðeins meira og njóta þess að lífið getur verið frábært og ekki dvelja of lengi í hlutum. Ég veit ekki hvað ég á að segja meira en það, það er kannski það sem ég vil koma til skila. Og að ég veit ekki neitt. Bið vitu ekki neitt. Og við vitum allt og þið vitu líka allt.“ ■

# Líf og fjör í leikhúsinu á aðventunni

## Jólaboðið

Allt að verða uppselt!

fös 19. nóv. kl. 20 UPPSELT  
lau 20. nóv. kl. 20 UPPSELT  
mið 24. nóv. kl. 20 UPPSELT  
fim 25. nóv. kl. 20 UPPSELT  
þri 30. nóv. kl. 20 UPPSELT  
mið 1. des. kl. 20 UPPSELT  
fim 2. des. kl. 20 UPPSELT  
sun 5. des. kl. 20 UPPSELT  
mið 8. des. kl. 20 UPPSELT  
fim 9. des. kl. 20 UPPSELT  
fös 10. des. kl. 18 UPPSELT  
fös 10. des. kl. 21 UPPSELT  
sun 12. des. kl. 20 UPPSELT  
þri 14. des. kl. 20 UPPSELT  
fös 17. des. kl. 18 Aukas.  
fös 17. des. kl. 21 Örfá sceti  
sun 19. des. kl. 20 Örfá sceti  
mið 29. des. kl. 20  
fim 30. des. kl. 18 Aukas.  
fim 30. des. kl. 21



30 uppseldar sýningar

| Uppselts út árið

| 12 uppseldar sýningar



NA SHYRN  
INGARNIR  
EUGÈNE IONESCO

Örfáar  
aukasýningar í  
desember

Þjóð  
leik  
húsið

Tryggðu þér miða!

leikhusid.is

## Bakþankar

Stefáns Ingvars  
Vigfússonar

## Tuttugasti og fyrsti desember

Svona sé ég þetta fyrir mér: Við vöknunum að morgni 21. desember. Það snjóaði um nöttina og um gjörvalla Reykjavík er þögult samkomulag um að þessi þriðjudagur sé sunnudagur. Snjóinn er hvítur og fyrir utan fótspor og sleðaför er hann ósnertur.

Ég helli upp á kaffi og geri grautinn, það er í mínum verkahring. Við Hófi, kærastan míni, horfum út í garð. Grillið mitt er hvíthært og ég djóka um það að grilla kvöldmatinn, að ég láti svona smotterí ekki stoppa mig og Hófi hlær eins og maki einhvers sem er altaf að segja brandara.

Við klæðum okkur í vetrarúlpu og föttum að við hefðum betur þeð með það af því að það tekur heila eilífð að reima vetrarskó. Það kemur móða á gleraugun og við fáum þeð innilokunarkennd.

Á leiðinni upp Holtsgötuna dregst Hófi ögn aftur úr. Ég tek ekki eftir því fyrr en ég fæ snjóbolta í bakið og þegar ég sný mér við fæ ég annan í magann og þegar ég ætla að hefna míni útskýrir hún að leikurinn sé búinn. Stuttu seinna þykist ég ætla að fella hana í snjóskafli. Hún þegir hljóði maka einhvers sem er alltaf að segja brandara.

Á Landakotstúni er margmenni, nágrennar okkar og vinir. Ég segi þeim öllum frá snjalllaseríunni minni, útskýri að með henni sé hægt að teikna myndir á jólatreð. Við veljum jólatreð, litla hríslu sem enginn annar myndi elска, við segjum hvort öðru það rétt eins og öll önnur sem keyptu litla hríslu sem enginn annar myndi elска. Og þegar tréð fer í netið verð ég aftur barn, með pabba á Landakotstúni síðasta árið sem við keyptum lifandi tré og ég ranka við mér heima, sem fullorðinn maður sem skilur ekki mekanismann á bak við jólatreðtinn. ■

## Atvinnublaðið

—Mest lesna atvinnublaði Íslands—



**FINNDU RÉTTA  
STARFSKRAFTINN  
Í MEST LESNA  
ATVINNUBLAÐI  
LANDSINS!\***

\*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölfultrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐID

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Opið til 20

**BLÁR  
FIMMTU-  
DAGUR**

18. nóvember

Járnhillur **30%** - Háþrystidælur **30%** - Blá Bosch verkfærasett **25%**

Skil rafmagnsverkfæri **25%** - Ryobi verkfæri **25%** - Valin Dremel verkfæri **25%**

Snickers vinnufatnaður **25%** - Dovre & CAT nærföt **30%**

Valin rafmagnsverkfæri **30%** - Öryggisskór **25%** - Verkfærabox, skúffuskápar og verkfæravagnar **25%** - Valin LUX og Tactix handverkfæri **30-40%**

Eldhústæki **25%** - Handlaugartæki **25%** - Inni- og útiljós **25%**

Bílahreinsivörur **20%** - Parket **25%** - Teppi & mottur **25%** - Handlaugar **25%**

Salerni **25%** - Baðfylgihlutir **25%** - Innimálning **25%** - Luktrir **30%** - Pottar & pönnur **30%** - Bökunarform **30%** - Glös **30%** - Brauðristar & vöflujárn **20%**

Kaffivélar & hraðsuðukönnur **20%** - Leikföng, spil & púsl **30%** - Hreinsiefni & áhöld **25%** - Gæludýrafóður **25%** - Jólavörur **25%**

Skannaðu kóðann  
og skoðaðu  
tilboðin á byko.is

